Borg eignarhaldsfélag ehf	630	Hrísey	818.968	1.056.244		1.875.212	11.849.108	Helga ÞH ehf	671	Kópaskeri	1.065.910	1.094.980		2.160.890
Siggi Bjartar ehf	415	Bolungarvík	1.846.908	998.309	-998.308	1.846.909	1.750.478	Útgerðarfélagið Skúli ehf	520	Dranganes	2.136.721	3.710.113	-3.710.113	2.136.721
Glaður ehf	415	Bolungarvík	1.307.193	535.429		1.842.622	1.688.329	Sigurður Haraldsson ehf	260	Reykjanesst	2.074.316	3.565.629	-3.565.628	2.074.317
Reynir Þór ehf	356	Snæfellsbær	1.240.978	592.400		1.833.378	3.453.458	BBH útgerð ehf	530	Hvammsta	1.030.056	1.005.478		2.035.534
Útgerðarfélagið Djúpavík ehf	545	Skagaströnd	1.281.724	515.888		1.797.612	1.822.844	Sigurbjörg Jónsdóttir ehf	203	Kópavogur	1.161.576	771.406		1.932.982
Rjúpnafell ehf	221	Hafnarfjörður	785.860	1.008.310		1.794.170		Bjartsýnn ehf	355	Ólafsvík	1.900.787	3.132.777	-3.132.778	1.900.786
Njáll ehf	620	Dalvík	1.262.166	500.565		1.762.731	1.664.386	Iceland Sea Angling hf	420	Súðavík	988.000	905.040		1.893.040
Njörður ehf	460	Tálknafjörður	1.260.837	500.228		1.761.065	2.379.317	Mardöll ehf	465	Bildudalur	982.899	892.065		1.874.964
Útgerðarfélagið Kári ehf	340	Stykkishólmu	1.739.777	1.205.053	-1.205.054	1.739.776	1.252.605	Útgerðarfélagið Nesið ehf	580	Siglufjörður	1.857.821	3.023.419	-3.023.418	1.857.822
Maron ehf	232	Reykjanesbæ	1.032.363	706.794		1.739.157	5.896.312	Krossi-útgerðarfélag ehf	450	Patreksfjör	973.695	864.511		1.838.206
Víkurver ehf	580	Siglufjörður	1.694.804	836.622	-836.622	1.694.804	1.170.057	Útgerðarfélagið Djúpaví	545	Skagaströ	967.720	855.124		1.822.844
Jökull ehf	640	Húsavík	1.680.734	826.232	-826.232	1.680.734	14.436.469	Siggi Bjartar ehf	415	Bolungarví	1.750.479	2.760.371	-2.760.372	1.750.478
Sæný ehf	815	Þorlákshöfn	1.191.684	446.450		1.638.134	1.615.714	Haraldur Jónsson ehf	220	Hafnarfjörð	939.683	799.225		1.738.908
Eignarhaldsfélagið Björg ehf	230	Reykjanesbæ	1.116.105	507.377		1.623.482	1.352.935	Andrautgerðin ehf	465	Bildudalur	920.702	775.876		1.696.578
Þórisólmi ehf	340	Stykkishólmu	794.562	805.775		1.600.337		Glaður ehf	415	Bolungarví	916.743	771.586		1.688.329
Ís 47 ehf	400	Ísafjörður	1.167.886	427.743		1.595.629	1.061.882	Útgerðarfélagið Gjálfur e	355	Ólafsvík	1.681.500	2.598.360	-2.598.359	1.681.501
G.Ben útgerðarfélag ehf	621	Dalvík	1.143.114	411.850		1.554.963	3.066.199	Njáll ehf	620	Dalvík	906.016	758.370		1.664.386
Emilía Ak-57 útgerð ehf	300	Akranes	919.531	583.877		1.503.408		Eyfrejunes ehf	765	Djúpivogur	904.999	756.589		1.661.587
Arctic ehf bt Davíð F Jónsson	210	Garðabær	736.956	656.388		1.393.344		G.B.Magnússon ehf	112	Reykjavík (897.504	747.998		1.645.502
Hrúteyri ehf	415	Bolungarvík	1.331.512	555.091	-555.091	1.331.512	1.260.898	Sæný ehf	815	Þorlákshöfn	884.004	731.710		1.615.714
Einar í Bjarnabæ ehf	221	Hafnarfjörður	854.592	473.111		1.327.703	1.058.958	Manni ehf	600	Akureyri	883.340	730.599		1.613.939
Haukur Einarsson	109	Reykjavík (Br	1.012.028	306.346		1.318.374	1.463.964	Skarfaklettur ehf	210	Garðabær	1.579.271	4.373.046	-4.373.047	1.579.270
ÁVM útgerð ehf	520	Dranganes	1.011.111	305.684		1.316.795		Sigurgeir Ingólfur Sigurð	360	Hellissandur	866.060	709.700		1.575.760
Sigurgeir Ingólfur Sigurðsson	360	Hellissandur	986.714	286.837		1.273.551	1.575.760	Útgerðarfélagið Leifur H	260	Reykjanesst	835.487	671.907		1.507.394
Ingibjörg ehf b.t. Björg Guðlaug	355	Ólafsvík	1.273.157	1.209.378	-1.209.379	1.273.156		Þórsnes ehf	340	Stykkishól	1.482.912	38.550.336	-38.550.336	1.482.912

Dóri ehf.	360	Rif	980.989	281.905		1.262.894	6.029.595	Haukur Einarsson	109	Reykjavík	815.699	648.266		1.463.964
Útgerðarfélagið Leifur Heppni e	260	Reykjanesbæ	963.529	268.774		1.232.303	1.507.394	Fiskihóll ehf	415	Bolungarvík	1.455.040	2.045.963	-2.045.963	1.455.039
Gef ehf	450	Patreksfjörðu	1.224.590	471.880	-471.880	1.224.590	2.228.169	I.F.S. ehf	221	Hafnarfjörð	959.952	491.087		1.451.039
Hempill ehf	221	Hafnarfjörður	944.136	268.193		1.212.329	1.107.473	Eyfang ehf	630	Hrísey	1.438.909	2.005.832	-2.005.832	1.438.909
Uggi útgerðarfélag ehf	675	Raufarhöfn	919.937	246.435		1.166.372	1.182.422	Þráinn Sigurðsson	765	Djúpivogur	794.865	622.505		1.417.370
Blikaberg ehf	221	Hafnarfjörður	916.447	245.042		1.161.489	2.179.196	Hilmar Jónsson	765	Djúpivogur	779.543	603.582		1.383.125
Óskar Skúlason	360	Hellissandur	896.822	238.077		1.134.899		Eignarhaldsfélagið Björg	230	Reykjanes	766.379	586.556		1.352.935
Tindur ehf	340	Stykkishólmu	1.113.462	385.738	-385.739	1.113.461	1.159.466	Keilir ehf	300	Akranes	1.352.224	1.795.158	-1.795.156	1.352.225
Þráinn Sigurðsson	765	Djúpivogur	866.992	226.330		1.093.322	1.417.370	Hraungerði ehf	685	Bakkafjörð	765.160	586.443		1.351.602
Sæfar ehf	510	Hólmavík	862.281	225.626		1.087.907	1.258.941	Rífshólmi ehf	360	Hellissandur	752.800	571.564		1.324.363
Hilmar Jónsson	765	Djúpivogur	842.920	217.019		1.059.939	1.383.125	Hrúteyri ehf	415	Bolungarvík	1.260.898	1.571.695	-1.571.695	1.260.898
Rífshólmi ehf	360	Hellissandur	826.257	210.383		1.036.640	1.324.363	Sæfar ehf	510	Hólmavík	723.454	535.487		1.258.941
Hraungerði ehf	685	Bakkafjörður	819.938	207.936		1.027.874	1.351.602	Útgerðarfélagið Kári ehf	340	Stykkishólmi	1.252.604	1.551.011	-1.551.010	1.252.605
Heimaskagi ehf	300	Akranes	1.022.339	542.933	-542.934	1.022.338		Stapavík ehf	300	Akranes	696.008	501.858		1.197.866
Flæðarmál ehf	720	Borgarfjörður	788.154	195.318		983.472	1.078.547	Uggi útgerðarfélag ehf	675	Raufarhöfn	689.028	493.394		1.182.422
Stapavík ehf	300	Akranes	778.336	191.716		970.052	1.197.866	Víkurver ehf	580	Siglufjörður	1.170.058	1.349.642	-1.349.643	1.170.057
BBH útgerð ehf	530	Hvammstang	758.122	183.744		941.866	2.035.534	Tindur ehf	340	Stykkishólmi	1.159.467	1.322.329	-1.322.330	1.159.466
Sæling ehf	203	Kópavogur	754.721	182.760		937.481		Sjávareldi ehf	400	Ísafjörður	674.683	475.773		1.150.456
Faxavík ehf bt. Elvars Þ. Tryggv	720	Borgarfjörður	747.057	179.236		926.293	1.012.357	Hempill ehf	221	Hafnarfjörð	655.424	452.049		1.107.473
Freydís sf	410	Hnífsdalur	737.338	183.174		920.512		Bjarmi sf	620	Dalvík	713.946	523.985	-146.745	1.091.186
Lovísa ehf	510	Hólmavík	639.602	275.800		915.402		Óskar Karl Guðmundsson	170	Seltjarnarn	645.088	436.878		1.081.966
Oliver ehf	355	Ólafsvík	738.449	175.901		914.350		Flæðarmál ehf	720	Borgarfjörð	642.257	436.290		1.078.547
Bjarmi sf	620	Dalvík	838.817	217.735	-152.902	903.650	1.091.186	Útgerðarfélagið Röðull e	675	Raufarhöfn	638.621	431.770		1.070.391
Sigurbjörg Jónsdóttir ehf	203	Kópavogur	724.446	171.321		895.767	1.932.982	Ásver ehf	540	Blönduós	636.634	429.346		1.065.980
Óskar og synir ehf	620	Dalvík	719.349	168.721		888.070		Ís 47 ehf	400	Ísafjörður	634.781	427.102		1.061.882
Polaris Seafood ehf.	600	Akureyri	712.275	166.104		878.379		Einar í Bjarnabæ ehf	221	Hafnarfjörð	633.508	425.450		1.058.958
Óskar Karl Guðmundsson	170	Seltjarnarnes	699.524	160.706		860.230	1.081.966	Faxavík ehf bt. Elvars Þ	720	Borgarfjörð	612.693	399.664		1.012.357
Nóntangi ehf.	601	Akureyri	468.312	369.227		837.539		Ýmir hf	260	Reykjanes	611.553	398.559		1.010.112
Garraútgerðin sf	460	Tálknafjörður	832.183	212.863	-212.863	832.183		Búhamar ehf bt. Sigurðu	900	Vestmanna	609.549	396.065		1.005.614

Kópavogi, 4. maí 2015.

Nefndasvið Alþingis,
Atvinnuveganefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, mál 692.

Deloitte vísar til umsagna sinna undanfarin ár um frumvörp um veiðigjöld. Bent hefur verið ítrekað á að veiðigjöld sem mörg fyrirtæki munu eiga erfitt með að standa undir mun leiða til samþjöppunar fyrirtækja í sjávarútvegi. Það mun óhjákvæmilega leiða til að fiskvinnslum og skipum muni áfram fækka með tilheyrandi röskun fyrir starfsmenn og byggðir.

Samkvæmt því frumvarpi sem hér er til umræðu eru veiðigjöld að hækka verulega frá fyrra ári án þess að sjáanlegur sé slíkur bati í rekstri sjávarútvegsfélaga að réttlæti slíkt.

Við höfum áður bent á að alltof mikil tilhneiging hefur verið að horfa á og fjalla um eina stærð í miðjum rekstrarreikningi sjávarútvegsfélaga þ.e. hagnað fyrir afskriftir (EBITDA). Frá þeirri stærð á eftir að draga frá stóra kostnaðarliði, afskriftir, vexti og skatta, til að fá út hagnað (tap) ársins. Þetta hefur oft brenglað mjög umræðu um afkomu sjávarútvegs, sem talin hefur verið vera mun betri en hún í raun var. Það er því jákvætt skref að nú er í frumvarpi við ákvörðun heildarveiðigjalds horft til stærðar neðar í heildar rekstrarreikningi sjávarútvegs þ.e. hagnaðar fyrir tekjuskatt (EBT).

Rétt er þó að benda á að hagnaður er ofmetin um 8-9 milljarða í ritinu „Hagur veiða og vinnslu 2013“ eins og Hagstofa Íslands bendir sjálf á og skýrir aftast í inngangskafli ritsins á bls. 2. Það er byggt á samanburði við rauntölur úr skattframtölum sjávarútvegs fyrir árið 2013 og er í samræmi við gagnagrunn Deloitte.

Varðandi bókhaldslegan hagnað sjávarútvegs er rétt að hafa í huga annars vegar að bókhaldslegar afskriftir eru á gömlu kostnaðarverði og endurspegla því ekki eðlilegar afskriftir nýfjárfestinga í dag. Hins vegar að á árinu 2013 hafði sjávarútvegur verulegan gengishagnað af skuldum sínum þannig að nettó voru félögin með fjármunatekjur 1,6 milljarð en ekki fjármagnsgjöld þrátt fyrir að sjávarútvegur skuldaði 380 milljarða, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

Í frumvarpi er skilgreind reikniregla fyrir framlegð við veiðar og afkomuígildi einstakra fisktegunda. Við teljum að þessi aðferð að draga einungis launakostnað, eldsneyti, viðhald, veiðarfæri, kostnað vegna frystingar og umbúða um borð í skipum auk flutnings- og löndunarkostnaðar, frá tekjum við ákvörðun skiptingar veiðigjalda á einstakar tegundir geti haft óæskileg áhrif. Eins og áður kom fram höfum við gagnrýnt að of mikið sé horft til afkomustærðar í miðjum rekstrarreikningi en þarna er skilgreind framlegð sem er enn ofar í rekstrarreikningi en EBITDA. Tilgangur fjárfestinga er að hækka tekjur og lækka framangreinda kostnaðarliði. Við fjárfestingar hækka hins vegar óumflýjanlega í staðinn váttryggingar skipa, afskriftir og fjármagnskostnaður sem ekki er þarna neitt tillit tekið til. Hækkun veiðigjalda á einstakar fisktegundir við fjárfestingar mun því draga úr hagkvæmni þeirra og jafnvel gera þær óhagkvæmar.

F.h. Deloitte ehf.



Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi.



Reykjavík. 30. apríl 2015

Umsögn FFSÍ

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr 74/2012 (veiðigjald 2015-2018)

FFSÍ telur jákvæð skref felast í þeim breytingum sem fjallað er um í frumvarpinu hvað varðar að nota sérstaka afkomustuðla fyrir alla okkar helstu nytjastofna, ásamt sérgreindum upplýsingum sem útgerðarfyrtækjum er gert að skila til skattayfirvalda. Með því ætti að skapast raunhæfari gagnagrunnur fyrir forsendum veiðigjalds. FFSÍ vill þó leggja mikla áherslu á að sá andsamkeppnislegi verðmyndunarvettvangur sem sjávarútvegurinn býr við hefur í för með sér neikvæð áhrif á skatttekjur ríkisins vegna rangrar verðlagningar á sjávarfangi. Réttur grunnur skapast ekki til útreiknings veiðigjalds fyrr en markaðsverð verður ráðandi faktor í verðmyndun á fiski.

Vonbrigði

FFSÍ lýsir yfir miklum vonbrigðum með að stjórnvöld hafi enn og aftur heykst á því að klára sitt stærsta úrlausnarefni. Þ.e.a.s. að komast að samkomulagi um heilstætt frumvarp um stjórnkerfi fiskveiða sem byggði í grunninn á hugmyndum þorra svokallaðrar Sáttanefndar. Með því frumvarpi um veiðigjöld sem hér liggur fyrir virðast hverfandi líkur fyrir því að slíkt frumvarp líti dagsins ljós næstu þrjú árin.

Fiskistofa

Engin stofnun er oftast nefnd til sögunnar í veiðgjaldafrumvarpinu en Fiskistofa þar sem þeirri stofnun er ætlað lykilhlutverk við framhæmd laganna. Það er því mikilvægt að allt verði gert til að starfsemi þar geti komist í eðlilegt horf.

F. h. FFSÍ

Árni Bjarnason



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 4. maí 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 74/2012, (veiðigjald 2015-2018).
Þingskjal 1166 - 692. mál.**

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna átelur þau vinnubrögð að á hverju ári sé verið að breyta lögum og gjöldum í sjávarútvegnum. Einnig virðist það regla frekar en undantekning að mjög skammur tími er gefinn til að vinna umsagnir um þessar breytingar. Hins vegar fagnar félagið því að lagt sé af staða í að koma gjaldtökunni í varanlegt fyrirkomulag og auka fyrirsjáleika og koma á stöðuleika í umhverfi atvinnugreinarinnar.

VM vill benda á að vegna árlegra breytinga á lögum um stjórn fiskveiða og veiðigjöld hafa kjarasamningar sjómanna verið lausir frá 1. janúar 2011. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi SFS (nýja LÍÚ) hefur ítrekað borið fyrir sig að ekki væri hægt að gera kjarasamninga vegna óvissu í umhverfi atvinnugreinarinnar.

Það er því mjög brýnt að lagaumhverfi og gjaldtaka af greininni verði sem fyrst komið í varanlegt fyrirkomulag fyrir alla sem í greininni starfa.

Félagið telur að megin breytingar frumvarpsins séu til bóta og í rétta átt við að ná sátt um gjaldtökuna.

- veiðigjald verði ákveðið til þriggja ára á grundvelli sömu aðferðar og viðhöfð var við ákvörðun gjaldanna fyrir yfirstandandi fiskveiðiár 2014/2015,
- ákveðið verði tiltekið lágmarks-veiðigjald á alla stofna,
- veiðigjaldsnefnd verði falið að reikna framlegð við veiðar á einstökum nytjastofnum og afkomuígildi,
- sérstakt álag verði lagt á veiðigjald í makríl,
- veiðigjald verði innheimt í staðgreiðslu,
- fyrirsmæli um tímabundna lækkun veiðigjalds vegna kvótakaupa taki nokkrum breytingum,
- fyrirsmæli um afslátt frá veiðigjaldi vegna smærri útgerða taki minni háttar breytingum,
- tekið verði upp veiðigjald á hvalveiðar,
- upplýsingum um kostnað við veiðar verði safnað með skattframtölum.



VM er sammála því að gjöld séu lögð á veiðar og vinnslu sem afgjald fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, þannig fái þjóðin hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlindarinnar skapar. Það eru allir sammála um það, hins vegar má það ekki íþyngja atvinnugreininni.

Varðandi hugtakið hóflegt gjald þá vill félagið leggja áherslu á að það þurfi að skoðast út frá stöðu samfélagsins hverju sinni. Í því ástandi sem nú ríkir í samfélaginu sé eðlilegt að hóflegt gjald sé eins hátt og hægt er miðað við afkomu atvinnugreinarinnar.

VM telur að afkomustuðlar sem veiðigjaldanefnd útfærði til álagningar veiðigjalda, rétt skref í að finna varanlegan grundvöll við álagningu veiðigjalda fyrir hverja tegund. Félagið varar hins vegar við öllum hugmyndum um að gjaldið sé að stórum eða öllum hluta tekið af útgerðinni en ekki heildar afkomu fyrirtækjanna. Eftir því sem stærri hluti gjaldsins er tekinn af útgerðabættinum mun það framkalla þrýsting um lægra fiskverð þar sem fyrirtæki kaupa eigin afla í eigin fiskvinnslur og um leið lækka laun sjómanna og gjöld af greininni.


Félagið ítrekar að gegnsæi verður að vera í verðlagsmálum greinarinnar svo að hægt sé að leggja á rétt veiðigjöld. Að vera með allt í lokuðu kerfi á einni hendi, veiðar, vinnslu og sölu afurða til fyrirtækis erlendis sem fyrirtækið á líka, er fyrirkomulag sem bíður upp á alltof miklar möguleikar til að stýra því hvar hagnaðurinn er tekinn og hefur ekki gefið góða raun í fyrirtækjarekstri. Það er hluti af sátt þjóðarinnar um sjávarútveginn að verðlagsmál greinarinnar séu opin.

Félagið vill bend á að í dag er engin opinber stofnun sem fylgist með því hvort eðlilegt heimsmarkaðsverð sjávarafurða er að skila sér til landsins fyrir þann sjávarafla sem er seldur á erlendum mörkuðum.

Félagið leggur því til að Verðlagstofa skiptaverðs verði eflað og hlutverk stofnunarinnar um eftirlit og upplýsingagjöf um afurðarverð erlendis verði tryggt, til að tryggja það að eðlilegt afurðarverð skili sér til landsins. Einnig að rétt fiskverð sé gert upp við sjómenn, en þar hefur verið brotalöm á vegna manneklu stofnunarinnar. Félagið lýsir þungum áhyggjum sínum um að gjaldið muni verða tekið af launum sjómanna.

Félagið telur fyrirkomulag gjaldtökunnar vera útfærsluverkefni sem á ekki að vera flókið og með helst engum frádrögum að afsláttum. Hins vegar eins og ítrekað kemur fram í umsögn VM leggur félagið megináherslu á að tryggja verði að stofninn sem gjaldið er lagt á sé réttur. Að áliti félagsins gefur fyrirkomulag verðmyndunar á fiski og eftirliti með afurðaverðum eins og það er í dag ástæðu til mikillar tortryggni og að gjöld til samfélagsins séu ekki rétt af sjávarauðlindinni.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna


Guðmundur P. Ragnarsson, formaður VM.

Alþingi - Nefndasvið
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 15.05.2015
Tilv. 0021/2015 - 0.2.1

Efni: Minnisblað um lækkun sérstaks veiðigjalds

Á fundi atvinnuveganefndar Alþingis þann 6. maí sl. var óskað eftir að Fiskistofa skilaði nefndinni minnisblaði um framkvæmd lækkunar á sérstöku veiðigjaldi skv. bráðabirgðaákvæði II við lög um veiðigjald nr. 74/2012. Sérstaklega var rætt á fundinum hvort tryggt væri að skuldir, sem lækkunarútreikningar byggjast á, eigi eingöngu rót að rekja til kaupa á innlendum aflahlutdeildum.

Fiskistofa ákvarðar rétt til lækkunar á grundvelli laga nr. 74/2012 og reglugerðar 838/2012 um tímabundna lækkun sérstaks veiðigjalds, með síðari breytingum.

Í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis II við lög 74/2012, með síðari breytingum, segir að greiðandi sérstaks veiðigjalds eigi rétt á lækkun vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum sem einungis eru íslenskar, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Í 2. mgr. er svo að finna lýsingu á því hvernig á að reikna út lækkunina, en hún hljóðar svo:

Séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt skal lækka sérstakt veiðigjald á hverju fiskveiðiári frá 2012/2013 til 2016/2017 um sem nemur vaxtagjöldum samkvæmt skattframtali fyrir árið 2011 í sama hlutfall og skuldir skv. b-lið 1. mgr. eru sem hlutfall af vaxtaberandi skuldum í heild eftir að frá þannig reiknuðum vaxtagjöldum hafa verið dregin 4% af reiknuðu stofnverði rekstrarfjármuna, sbr. b-lið 1. mgr. Lækkunin skal þó aldrei vera meiri en sem svarar 4% af bókfærðu verðmæti ófyrnanlegra eigna samkvæmt skattframtali fyrir sama ár.

Bráðabirgðaákvæði II var ekki í frumvarpi til um veiðigjöld sem lagt var fram á Alþingi 26. mars 2012. Ákvæðið kom inn með breytingatillögu meirihluta atvinnuveganefndar. Í nefndarálit meirihlutans er reiknireglunni lýst og í framhaldi af þeirri lýsingu segir ma.:

Með þessu telur meiri hlutinn að verulegu leyti komið í veg fyrir að skuldir vegna fjárfestinga í öðru en fastaffármunum og veiðiheimildum hafi áhrif á lækkun veiðigjaldsins. Frá vaxtagreiðslum eru dregin 4% af verðmæti fastaffármuna en vextir af þeim eru reiknaðir sem hluti 8% árgreiðslunnar. Standa þá eftir vextir sem ætlað er að séu komnir til vegna kaupa á veiðiheimildum beint eða með yfirtöku félaga sem áttu slíkar heimildir. Þau takmörk eru einnig sett að sú fjárhæð sem gengur til lækkunar á veiðigjöldum sé ekki meiri en 4% af ófyrnanlegum eignum, sem að mestu leyti eru keyptar veiðiheimildir og bókfærð viðskiptavild vegna yfirtöku á félögum. Tillagan gerir ráð fyrir að fjárhæðir þessar verði

miðaðar við árið 2011 og framreiknaðar frá lokum þess hverju sinni.

(undirstrikanir undirritaðs)

Ljóst er af nefndarálitinu sem fylgdi breytingatillögunni að stefnt var að því að setja reiknireglu sem nálgast það að einangra vaxtagjöld vegna kvótakaupa. Jafnframt kemur fram að reglan er ekki óskekul. Ákvæðið og nefndarálitið gefa á engan hátt til kynna að rekja eigi nákvæmlega tilurð hvernar skuldar fyrir sig

Með lögum nr. 47/2014 var bætt inn í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðisins orðunum; „sem einungis eru íslenskar“. Í áliti meirihluta atvinnuveganefndar 15. maí 2014 er greint frá þessari breytingatillögu, en ekki útskýrt hvernig hún eigi að hafa áhrif á útreikning lækkunar. Með lögum 47/2014 var engin breyting gerð á reiknireglunni í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins.

Eftir setningu laga 47/2014 hefur ráðherra aðeins gert eina breytingu á reglugerð um tímabundna lækkun sérstaks veiðigjalds og varðar hún ekki ofangreint atriði. Gefin var út breytingareglugerð 11. júní 2014, en hún snýr eingöngu að styttingu gildistíma lækkunarréttar og breytingum vegna skuldaniðurfellinga

Þær reglur sem Fiskistofa á að nota við útreikning lækkunar eru því óbreyttar að því er varðar uppruna vaxtagjalda.

Þegar Fiskistofa ákvarðar hvort aðili eigi rétt á lækkun þá er skoðað hvort hann hafi keypt til sín íslenskar aflahlutdeildir og sé ennþá handhafi þeirra. Þetta hefur verið gert frá setningu laga 74/2012, enda var alltaf litið svo á að gjaldandi hefði þurft að kaupa íslenskar hlutdeildir til að öðlast lækkunarréttinn, þó svo að það væri ekki sérstaklega tiltekið í ákvæðinu. Á hverju ári er farið yfir stöðuna hjá hverjum og einum umsækjanda og gengið úr skugga um að hann hafi ekki selt frá sér áður keyptar heimildir. Hafi umsækjandi selt frá sér hluta af keyptum heimildum skerðist lækkunarréttur í sama hlutfalli.

Lækkun er reiknuð út skv. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis II og 5. gr. reglugerðar 838/2012 sem er svohljóðandi:

Gjaldandi sérstaks veiðigjalds skv. 4. gr. á rétt á lækkun gjaldsins vegna fiskveiðiársins 2012/2013, um fjárhæð sem nemur því hlutfalli vaxtagjalda samkvæmt skattframtali 2012 (tekjuárið 2011); sem vaxtaberandi skuldir skv. 5. tl. 2. gr. að frádregnum peningalegum eignum skv. 3. tl. 2. gr., eru sem hlutfall af vaxtaberandi skuldum skv. 5. tl. 2. gr., eftir að frá þannig reiknuðum vaxtagjöldum hafa verið dregin 4% af reiknuðu stofnverði rekstrarfjármuna.

Lækkun sérstaks veiðigjald skal ekki vera hærri en 4% af bókfærðu verðmæti ófyrnanlegra eigna, sbr. 2. tl. 2. gr. samkvæmt skattframtali 2012 (tekjuárið 2011).


Fjárhæð lækkunar sérstaks veiðigjalds ákvarðast aldrei hærri en álagt sérstakt veiðigjald

Í 2. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um hvaða reiti í skattframtali gjaldanda eigi að miða við. Þar kemur fram að miða skal við heildarvaxtagjöld skv. reit 3640, heildarskuldastöðu skv. reit 6990 að frádregnum tilteknum liðum og ófyrnanlegar eignir skv. reit 5010. Ekki er kveðið á um nánari sundurgreiningu þessara liða, enda er hún takmörkuð í skattframtölum.

Eins og fram kom í nefndaráliti sem fylgdi bráðabirgðaákvæðinu er reiknireglan ákveðin nálgun við að reyna að einangra skuldir vegna kvótakaupa. Fiskistofa getur ekki lagt mat á það að hve miklu leyti óviðkomandi skuldir eða ófyrnanlegar eignir geti slæðst með í útreikning. Að mati Fiskistofu hafði breytingin með lögum 47/2014 um „íslenskar“

hlutdeildir litla þýðingu þar sem ekki var gerð breyting á 2. mgr. um hvernig ætti að reikna út lækkunina. Fiskistofa treystir sér ekki til að álykta um hvort hægt væri að einangra skuldir vegna kaupa á íslenskum hlutdeildum betur en gert er í nógildandi ákvæðum.

F. h. Fiskistofu



Sigurjón Ingvason
sviðsstjóri lögfræðisviðs

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



.....
F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 04.05.2015
Tilv. 0021/2015 - 0.2.1

Efni: Umsögn Fiskistofu um frumvarp til laga um veiðigjöld (veiðigjald 2015-2018), 692. mál.

Vísað er til bréfs frá nefndarsviði Alþingis, dags. 20. apríl 2015, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um veiðigjöld (veiðigjald 2015-2018), 692. mál.

1. Almennar athugasemdir

Fiskistofa vill í fyrsta lagi vekja athygli á því að umfangsmikla vinnu þarf innan stofnunarinnar til þess að innleiða breytingar á reglum um veiðigjöld. Endurskipuleggja þarf verkferla og breyta upplýsingakerfum til samræmis við nýjar reglur. Hefja þarf framkvæmd samkvæmt nýjum reglum í síðasta lagi í ágústmánuði, en þá á samkvæmt frumvarpinu að endurreikna lækkunarrétt útgerða. Ekki er hægt að ráðast í innleiðingarvinnu af fullum krafti fyrir en lög hafa verið samþykkt. Það er mikilvægt að niðurstaða liggja fyrir sem allra fyrst um það hvernig eigi að haga álagningu gjaldanna á komandi fiskveiðiári, ef stofnunin á að ráða við verkefnið. Þetta er sérstaklega aðkallandi í því óvissuástandi sem ríkir á Fiskistofu um þessar mundir. Það verður að teljast mjög óheppilegt að mál þetta hafi ekki komið fram fyrir. Eins og alkunna er þá hefur starfsemi Fiskistofu verið í uppnámi síðan í júní í fyrra þegar áform ráðherra um flutning stofnunarinnar voru kynnt. Fjöldi fólks hefur sagt upp störfum og ekki hefur reynst unnt að ráða nýja starfsmenn vegna þeirrar óvissu sem er uppi. Þar sem ekki hefur fengist niðurstaða um það hvort ráðherra fær lagaheimild til að flytja stofnunina er ekki hægt að ráða í laus stöðugildi sem ekki er vitað hvar verða staðsett. Jafnvel hefur reynst erfitt að manna stöður sem ekki hefur staðið til að flytja þar sem ástandið fælir umsækjendur frá. Stofnunin ræður í dag varla við að sinna verkefnum sínum og mun fljótlega þurfa að lækka þjónustustig í ýmsum málaflokkum. Það er því útilokað að hún ráði við að innleiða ný og umfangsmikil verkefni með stuttum fyrirvara.

Í frumvarpinu er að finna tillögur um ný verkefni Fiskistofu. Þar á meðal er söfnun upplýsinga um veiðidaga og vinna við áætlun ýmissa tekju og gjaldaliða fyrir veiðigjaldsnefnd. Þetta kæmi til með að auka álag og kostnað hjá stofnuninni. Fiskistofa bendir á að ekki er heppilegt að hlaða nýjum verkefnum á stofnunina í núverandi ástandi

2. Um 1. mgr. b liðar 5. gr. (7. gr.)

Fiskistofa telur æskilegt að viðmiðunartímabil aflaverðmætis og kostnaðar verði fest í lög. Niðurstaða um fjárhæð veiðigjalda getur verið mismunandi eftir því hvernig 12 mánaða viðmiðunartímabilið er afmarkað, t.d. ef miklar sveiflur eru í aflaverðmæti. Orðalagið; „*sem skulu vera svo nærri í tíma sem mögulegt reynist*“, er teygjanlegt og getur kallað á deilur. Fiskistofa leggur til að tilgreint verði ákveðið viðmiðunartímabil, a.m.k. fyrir þær upplýsingar sem Fiskistofa á að útvega skv. a. lið málsgreinarinnar. Ætla verður að veiðigjaldsnefnd þurfi að fá upplýsingarnar með góðum fyrirvara til þess að hún hafi ráðrúm til þess að vinna úr þeim. Það tekur Fiskistofu allt að þrjú mánuði að fá heildstæðar upplýsingar um aflamagn og verðmæti. Því er lagt til að viðmiðunartímabilið verði undangengið almanaksár. Fiskistofa getur þá skilað upplýsingunum til veiðigjaldsnefndar í lok mars

Lagt er til að í a. lið verði lokamálsliður svohljóðandi:

Þessi gögn skulu vera fyrir undangengið almanaksár.

Varðandi fiskverð vill Fiskistofa benda á að upplýsingar um verð á fiski sem ekki fer á fiskmarkað eru byggðar á einhliða yfirlýsingu viðtakanda afla í svokölluðum vigtar og ráðstöfunarskýrslum og er Fiskistofa ekki í stakk búin til þess að sannreyna að þær upplýsingar gefi rétta mynd af raunverulegu verðmæti afla

Í b og c lið 1. mgr. er vísað til 9. gr., en svo virðist sem það hefði átt að vera 10. gr.

Varðandi c lið 1. mgr. vill Fiskistofa taka fram að stofnunin safnar ekki upplýsingum um fjölda veiðidaga, enda er ekki getið um slíka söfnun í tilvitnuðum lögum um umgengni við nytjastofna sjávar. Vera má að hægt sé að fá upplýsingar annars staðar, t.d. hjá Hafrannsóknarstofnun, en óvíst er hvort yfir höfuð er hægt að nálgast áreiðanlegar og tæmandi upplýsingar um þetta atriði. Fiskistofa leggur til að ekki verði kveðið á um notkun upplýsinga frá Fiskistofu í þessu sambandi.

3. Um 2. mgr. b liðar 5. gr. (7. gr.)

Fiskistofa telur að töluverður hvati verði til þess að gefa upp of lág verð í ráðstöfunarskýrslum þegar um er að ræða bein viðskipti án aðkomu fiskmarkaða. Til þess að bregðast við ef slíkt gerist er rétt að taka skýrt fram að hægt sé að beita áætlun ef upplýsingar eru ótrúverðugar eða óeðlilega mikill munur er orðinn á verði á fiskmörkuðum annars vegar og í beinum viðskiptum hins vegar.

Fiskistofa telur enn fremur að úrvinnsla upplýsinga og áætlanagerð eigi betur heima hjá veiðigjaldanefnd heldur en Fiskistofu. Fiskistofa hefur um árabíl safnað ýmsum upplýsingum um sjávarútveg s.s. um aflamagn og verðmæti. Það hefur hins vegar aldrei verið á verksviði stofnunarinnar að vinna hagfræðilegar greiningar úr þessum gögnum eða gefa út áætlanir og spár. Þekking og reynsla í slíkri úrvinnslu hefur ekki byggst upp hjá Fiskistofu

Lagt er til að 2. mgr. verði svohljóðandi:

Um vanrækslu á skilum til Fiskistofu á upplýsingum sem getur í a-lið 1. mgr. fer skv. 3. mgr. 12. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996. Sé upplýsingum ekki skilað eða ef upplýsingar sem látnar eru í té reynast ófullnægjandi, óglöggar, eða frekari þörf er talin á upplýsingum um einstök atriði, er veiðigjaldsnefnd heimilt að líta til meðalverða

samkvæmt innsendum upplýsingum skv. a-lið 1. mgr. Þá er veiðigjaldsnefnd heimilt, ef ástæða er talin til, að áætla aflaverðmæti sjávarafla fyrir einstaka nytjastofna, t.d. ef lítið er um viðskipti með viðkomandi tegund eða ef umtalsverður munur er á verði tegundar á fiskmörkuðum annars vegar og uppgefnu verði í beinni sölu hins vegar. Við slíka áætlun er veiðigjaldsnefnd heimilt að líta til verðmyndunar afla á uppboðsmörkuðum sjávarafurða yfir það tímabil sem um er að ræða, enda telji nefndin að nægilegt aflamagn hafi farið um markaði til að gefa mynd af aflaverðmæti nytjastofnsins. Í þessu skyni getur veiðigjaldsnefnd einnig aflað upplýsinga um ætlað meðalaflaverðmæti viðkomandi nytjastofns frá a.m.k. tveimur óháðum aðilum.

4. Um 4. mgr. d liðar 5. gr. (9. gr.)

Í ákvæðinu segir að fella skuli niður álagningu á eftirtalda nytjastofna

- a. þorsk og meðafla hans í rússneskri og norskri lögsögu,
- b. úthafskarfa sem veiddur er á ICES-svæði I og II (í Síldarsmugunni).

Bráðabirgðaákvæði IV við lög um veiðigjöld sem sett var með lögum 47/2014 kvað á um niðurfellingu gjalda á þessa nytjastofna árið 2014. Samkvæmt frumvarpinu fellur álagning niður frá byrjun árs 2016. Afli ársins 2015 hefur því ekki verið undanskilinn og kemur til álagningar 1. júlí nk. skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar 588/2014 um fjárhæð, álagningu og innheimtu veiðigjalda fiskveiðiárið 2014/2015. Ef ætlunin var að framlenging reglunnar frá 2014 yrði óslitin þarf að bæta við ákvæði um niðurfellingu álagningar ársins 2015.

5. Um 2. mgr. e liðar 5. gr. (10. gr.)

Fiskistofa telur ekki heppilegt að stofnunin fái það verkefni að áætla tekjur og kostnað af útgerð í þeim tilvikum sem aðilar skila ekki fullnægjandi upplýsingum með skattframtali. Sér í lagi skortir Fiskistofu upplýsingar og þekkingu til þess að áætla útgerðarkostnað, enda hefur slíkt aldrei verið á verksviði stofnunarinnar. Lagt er til að í stað orðsins „Fiskistofa“ í 3. málslið komi nafn annars stjórnvalds. Fiskistofa tekur ekki afstöðu til þess hvort verkefnið væri best niður komið hjá ríkisskattstjóra, veiðigjaldsnefnd eða öðrum stjórnvöldum. Samsvarandi breytingu þyrfti að gera á 3. mgr. og 4. mgr. breyttist á sama hátt eða félli niður eftir atvikum.

6. Um 6. gr. (13. gr.)

Fiskistofa skilur ákvæðið á þann hátt að leggja skuli á allan landaðan afla, jafnvel þó að andvirði hans renni í verkefnasjóð sjávarútvegsins skv. lögum 37/1992 um ólögmetan sjávarafla.

Fiskistofa bendir á að í sumum tilvikum eru löndunartölur leiðréttar og getur liðið töluverður tími þar til slíkar leiðréttingar fara fram. Í slíkum tilfellum þarf að endurákværða gjöld og er rétt að það verði sérstaklega tekið fram. Lagt er til að ný málsgrein (3. mgr.) bætist við greinina og verði svohljóðandi:

Ef Fiskistofa gerir leiðréttingu á aflaskráningu eftir að álagningu viðkomandi veiðimánaðar lýkur skal endurákværða álagningu veiðigjalds. Gjaldalagi slíkrar álagningar er 1. dagur næsta mánaðar eftir að endurákvörðun á sér stað. Ef endurákvörðun leiðir til inneignar

gjaldanda skal skuldajafna henni á móti álagningu á næsta gjalddaga. Ef inneign er hærri en álagning skal endurgreiða mismun. Ekki skal greiða vexti á endurgreiðslu, nema röng skráning afla hafi verið á ábyrgð Fiskistofu eða hafnar, en þá fer um endurgreiðslu skv. lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Vegna þess hversu seint þetta mál kemur fram og vegna stöðunnar á Fiskistofu telur stofnunin útilokað að hægt verði að innleiða nýjar álagningaraðferðir fyrir október 2015 þegar fyrsti álagning er áætluð skv. frumvarpinu, þ.e. fyrir gjalddaga 1. nóvember. Af þeim sökum leggur Fiskistofa til að fyrstu álagningu verði frestað með eftirfarandi ákvæði sem yrði 4. mgr.:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal fyrsta greiðslutímabil veiðigjalda á fiskveiðiarinu 2015/2016 vera frá 1. september 2015 til 31. desember 2015 og fyrsti gjalddagi 1. febrúar 2016.

7. Um 7. gr. (14. gr.)

Í 1. mgr. er sagt að skráður eigandi við álagningu sé ábyrgur fyrir gjaldinu. Bent er á að álagningin er ekki tímasett í frumvarpinu. Gjalddagi er fyrsti dagur dags hvers mánaðar vegna veiða þar síðasta mánaðar. Ætla má að unnið verði í álagningum frá miðjum mánuði og fram að gjalddaga. Það getur því verið háð tilviljun á hvaða degi álagningarkeyrsla er gerð. Fiskistofa telur heppilegra að miða við skráðan eiganda á síðasta degi greiðslutímabils

F. h. Fiskistofu



Sigurjón Ingvason
sviðsstjóri lögfræðisviðs



Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 30. apríl 2015
Tilvísun 1504148/10.0

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld 2015-2018, 692. mál og mál 691, Umsögn til til laga um stjórn veiða á

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur miklar áhyggjur af því að fyrirhuguð veiðigjöld muni hafa veruleg áhrif á fjárfestingar og framkvæmdir á vegum greinarinnar í sveitarfélaginu, ásamt tilflutningi á störfum milli landsvæða. Í frumvarpinu er sérstaklega bent á þetta sem ókost frumvarpsins þ.e. að „veiðigjöld geti takmarkað olbogaráymi til fjárfestinga og framkvæmda sem getur haft nokkur neikvæð áhrif til lengri tíma lítið“.

Þá tekur sveitarfélagið undir kröfu samtaka sjávarútvegssveitarfélaga um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og ákveðin vonbrigði að ekki er gert ráð fyrir hlutdeild sveitarfélaga í þeim tekjum sem koma til ríkisins vegna þessa sérstaka gjalds. Mikilvægt er að sveitarfélagið hafi aukin framlög af innheimtu veiðigjalda m.a. til mótvægisáðgerða til að minnka áhrif lagabreytinga og hagræðingarkrafna í sjávarútvegi á búsetu í sjávarbyggðum m.a. vegna álagningar veiðigjaldsins.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hvetur núverandi stjórnvöld til aukins samráðs við sveitarfélög og fyrirtæki áður en frumvarp sem þetta er lagt fram.

Varðandi mál 691, frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl (tímabundnar aflaheimildir) hvetur sveitarfélagið til þess að við gerð frumvarpsins séu höfð til hliðsjónar þau sjónarmið um að sem mest verðmæti verði til í greininni.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar



Páll Björgvin Guðmundsson
Bæjarstjóri Fjarðabyggðar



Alþingi,
Atvinnuveganefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 4. maí 2015.

Umsögn; frumvarp til laga um veiðigjöld (veiðigjald 2015-2018), 692. mál., 144. löggjafarþing.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vill hér í upphafi vekja athygli atvinnuveganefndar Alþingis á ályktun 59. Fjórðungsþings, þar sem segir.

„59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3. og 4. október 2014 krefst þess að veiðileyfagjald smábáta á makrílveiðum verði stórlega lækkað þar sem það stuðlar klárlega ekki að arðsemi sem þarf til að hægt sé að stunda makrílveiðar smábáta.

Greinargerð:

Ljóst má vera að það veiðileyfagjald sem smábátum er gert að greiða af makrílveiðum er ekki til þess fallið að efla makrílveiðar smábáta miðað við þann mikla startkostnað sem þarf til að veiðarnar geti staðið undir sér. Sú ákvörðun sjávarútvegsráðherra að stöðva veiðarnar fyrirvaralaust gerði dæmið enn verra en ella hefði orðið ef veiðarnar hefðu mátt standa til dæmis út september.“

Fjórðungssamband Vestfirðinga styður að öðru leyti markmið frumvarpsins um að setja á veiðigjöld, en að því skilyrði uppfylltu, að við álagningu veiðgjalda tekið verði að fullu tekið tilliti til mismunandi aðstæðna í veiðum og vinnslu eftir fisktegundum og landshlutum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að veiðgjöldum eigi síðan að ráðstafað til þeirra landssvæða sem eru hvað mest efnahagslega háð sjávarútvegi. Þar verði fjármagni m.a. beint til að auka fjölbreytni atvinnulífs og bendir FV á Sóknaráætlanir landshluta sem tæki í þeim eignum.

F.h. stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Reykjavík, 6. maí 2015.

Til: Atvinnuveganefnd Alþingis nefundasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld, 692. mál.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur borist beiðni atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld, 692. mál.

Þess er sérstaklega óskað að Hagfræðistofnun leggi mat á áhrif frumvarpsins.

Hér gefst ekki tóm til að ræða ítarlega um efnahagsleg áhrif ofangreinds frumvarps, enda myndi slíkt kalla á sérstaka greiningu. Það sem hér fylgir á eftir er umsögn um helstu kosti og galla frumvarpsins út frá hagfræðilegum sjónarmiðum.

Sé fyrst litið til þeirra atriða sem jákvæð má telja við ofangreint frumvarp er að nú skal miða við afkomustuðla í greininni með það að sjónarmiði að dreifa gjaldinu með sanngjarnari hætti en áður og er þar byggt á nýjustu fáanlegu gögnum.

Þá er það til bóta að gert er ráð fyrir staðgreiðslu gjaldsins, þ.e. lagt er gjald á landaðan afla, í stað þess að fresta gjaldtöku sem gæti aukið óvissu fyrir útgerðaraðila.

Að auki verður að telja það kost að gert er ráð fyrir að leggja á eitt afkomutengt gjald og forsendur fyrir útreikningum þess eru nokkuð skýrir. Reiknireglan er til þess að gera einföld og gegnsæ.

Á móti þessum jákvæðu hliðum frumvarpsins eru aðrir þættir sem verða að teljast neikvæðir út frá hagfræðilegu sjónarhorni.

Helst er þar að nefna að gjaldstofninn er óstöðugur þar sem miðað er við bókhaldslegan hagnað en hann inniheldur t.d. fjármagnsliði sem geta auðveldlega sveiflast mikið með breytingum í gengi. Auk þess geta afskriftir og birgðabreytingar haft mikil áhrif á bókhaldslegan hagnað án þess að það þýði í raun miklar breytingar í arðsemi við venjubundinn rekstur.

Þrátt fyrir að byggt sé á nýjustu fáanlegu gögnum byggir afkomumatið engu að síður á gömlum tölum og má þar nefna að álagning fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 byggir á rekstrartölum ársins 2013. Eins og gefur að skilja geta forsendur og aðstæður í rekstri breyst mikið milli tímabila og hætta er á að afkomumatið endurspegli ekki afkomu greinarinnar á þeim tíma sem það er lagt á.

Þá er einnig varhugavert að í frumvarpinu blandast saman afkoma í veiðum og vinnslu en heppilegra væri að leiðrétta aflaverðmæti miðað við mun á markaðsverði og samningsverði.

Eins og áður sagði er ekki hægt á þessu stigi að fjalla með ítarlegum og skipulegum hætti um trúleg efnahagsleg áhrif þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar. Full ástæða væri til að ráðast í rannsóknir á slíkum áhrifum.

Virðingarfyllt,

Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar.

Afkoma sjávarútvegs árið 2013

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins minnkaði milli árunna 2012 og 2013. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 30,3% í 26,5% og í fjárhæðum varð hlutdeildin 72 milljarðar. Í fiskveiðum lækkaði hún úr 25% árið 2012 í 20,1% árið 2013 sem gera tæpa 32 milljarða af tekjum og í fiskvinnslu lækkaði hún úr 17,2% í 17% sem gera rúma 40 milljarða.

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og -vinnslu, reiknaður í hlutfalli af tekjum samkvæmt árgreiðsluaðferð, dróst saman úr 21,4% af tekjum árið 2012 í 17,4% árið 2013. Hreinn hagnaður botnfiskveiða minnkaði úr 15,2% af tekjum í 10,3% en hagnaður botnfiskvinnslu úr 16,1% af tekjum í 14,7%. Hreinn hagnaður uppsjávarveiða og bræðslu fór úr 36,1% í 25,2%.

Afkoma sjávarútvegsins í heild var góð og reyndist hreinn hagnaður 18% af tekjum að frádregnum milliviðskiptum með hráefni. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 49 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 23,1 milljarðar.

Tekjur hækka í veiðunum úr 266 milljörðum árið 2012 í 272 milljarða árið 2013 eða um 6 milljarða á milli ára. Birgðir sjávarafurða lækka um tæpa 7 milljarða á milli árunna þannig að aflaverðmætisaukningin er engin. Aðföngin hækka um 11 milljarða á milli ára þannig að verga hlutdeildin dregst saman, um 12 milljarða á sama tíma. Olía lækkar um rúma 5 milljarða á milli ára, hráefniskostnaður eykst um 5 milljarða og flutningskostnaður um 2 milljarða og annar rekstrargjöld um 10 milljarða. Annar kostnaður en hefur verið upptalin er svo til óbreyttur á milli ára.

Tafla 1. Rekstraryfirlit fiskveiða 2012
Table 1. Operating accounts of fishing 2012

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Bátar undir 10 b.t. <i>Boats less than 10 GT</i>	Bátar 10–200 b.t. <i>Boats 10–200 GT</i>	Bátar >200 b.t. <i>Boats over 200 GT</i>	Uppsjávar- veiðiskip <i>Pelagic vessels</i>	Ísfisk- togarar <i>Fresh fish trawlers</i>	Frysti- togarar <i>Freezer trawlers</i>
Alls <i>Total</i>						
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	164.397	7.433	23.209	25.256	22.819	63.708
2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i>	123.252	6.603	16.661	19.511	16.108	48.095
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.) <i>Share of capital, gross</i>	41.144	830	6.548	5.745	6.711	15.613
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	25,0	11,2	28,2	22,7	29,4	24,5
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>	12.056	750	669	1.189	1.967	6.831
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	6.969	364	3.516	2.479	221	-636
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profít (6.=3.-4.-5.)	22.119	-284	2.363	2.077	4.523	9.418
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	13,5	-3,8	10,2	8,2	19,8	14,8
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	15.733	1.105	1.851	2.551	2.907	5.311
8. Hreinn hagnaður Profít (8.=3.-7.)	25.411	-275	4.697	3.194	3.805	10.302
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	15,5	-3,7	20,2	12,6	16,7	16,2
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>						
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	1.451	1.042	262	62	22	35
Brúttótonn (b.t. – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	703	8	37	358	1.492	1.831
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	32	8	14	33	60	57
Vélarstærð (kW) <i>Fleet - average kW</i>	841	124	280	634	3608	2.915
Meðalsmiðaaár <i>Fleet - building year</i>	1986	1989	1992	1977	1981	1988
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	131.823	9.254	15.512	21.376	24.354	44.502

Skýringar *Notes*: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeilda sem eru með í úrtakinu eru 79% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 82% af tekjum báta 10–200 brúttótonn, 66% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 74% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 75% af tekjum ísfisktogara og 100% af tekjum frystitogara sem gerir um 88% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafla.

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2013
Table 2. Operating accounts of fishing 2013

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Bátar undir 10 b.t. <i>Boats less than 10 GT</i>	Bátar 10–200 b.t. <i>Boats 10–200 GT</i>	Bátar >200 b.t. <i>Boats over 200 GT</i>	Uppsjávar- veiðiskip <i>Pelagic vessels</i>	Ísfisk- togarar <i>Fresh fish trawlers</i>	Frysti- togarar <i>Freezer trawlers</i>
	Alls <i>Total</i>					
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	157.538	6.716	22.675	23.448	23.353	60.088
2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i>	125.872	6.055	18.381	18.759	18.059	47.649
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.) <i>Share of capital, gross</i>	31.666	661	4.294	4.689	5.294	12.439
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	20,1	9,8	18,9	20,0	22,7	20,7
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>	7.339	723	823	1.266	2.911	985
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	-3.657	238	-1.100	430	58	-2.018
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profít (6.=3.-4.-5.)	27.985	-299	4.571	2.993	2.326	13.472
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	17,8	-4,5	20,2	12,8	10,0	22,4
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	15.308	1.157	1.806	2.532	2.965	4.835
8. Hreinn hagnaður Profít (8.=3.-7.)	16.358	-495	2.488	2.157	2.329	7.604
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	10,4	-7,4	11,0	9,2	10,0	12,7
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	1.425	1.003	280	61	21	32
Brúttótonn (b.t. – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	648	6	35	384	1.504	1.911
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	32	8	14	33	60	58
Vélarstærð (kW) <i>Fleet - average kW</i>	1312	175	252	656	3.696	3.044
Meðalsmíðaár <i>Fleet - building year</i>	1987	1990	1992	1978	1982	1989
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	128.261	9.690	15.130	21.216	24.842	40.513

Skýringar *Notes:* Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeilda sem eru með í úrtakinu eru 79% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 82% af tekjum báta 10–200 brúttótonn, 66% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 74% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 75% af tekjum ísfisktogara og 100% af tekjum frystitogara sem gerir um 88% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafla

Tafla 4. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2012
Table 4. Operating accounts of fish processing 2012

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Alls <i>Total</i>	Frysting <i>Freezing</i>	Söltun og hersla <i>Salting and drying</i>	Mjöl- og lýsisvinnsla <i>Fish meal and oil</i>	Ferskfisk- vinnsla <i>Fresh fish processing</i>
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	224.279	100.540	43.855	34.001	45.882
2. Aðföng alls <i>Intermediate consumption</i>	158.299	65.902	32.441	22.088	37.867
3. Vinnsluvirði <i>Value added (3.=1.-2.)</i>	65.980	34.638	11.414	11.914	8.014
4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	26.468	12.524	5.658	1.475	6.811
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	879	348	205	101	224
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)	38.633	21.766	5.551	10.338	979
<i>Share of capital, gross</i>					
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	17,2	21,6	12,7	30,4	2,1
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	4.845	2.144	849	1.033	819
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8=6.-7.)</i>	33.788	19.621	4.702	9.305	160
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	9.351	3.249	2.934	755	2.413
10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i>	24.437	16.372	1.768	8.550	-2.253
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	10,9	16,3	4,0	25,1	-4,9
11. Árgreiðsla (6%) <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	6.843	2.979	1.338	1.439	1.087
12. Hreinn hagnaður <i>Net profit (12.=6.-11.)</i>	31.790	18.786	4.213	8.899	-108
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	14,2	18,7	9,6	26,2	-0,2

Skýringar *Notes:* Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af viðkomandi vörutegundum samkvæmt tölum Hagstofunnar. Útflutningsframleiðsla þeirra vinnsludeilda, sem eru með í úrtakinu, var 76% af útflutningi landfrysots botnfisks, 77% af útflutningi botnfisksöltunar, 98% af útflutningi mjölvinnslu og 49% af útflutningi ferskra afurða, sem gerir um 83% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpuðiskvinnslu, síldarsöltun og er rekstur þeirra talinn með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu.

Tafla 5. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2013
Table 5. Operating accounts of fish processing 2013

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Alls <i>Total</i>	Frysting <i>Freezing</i>	Söltun og hersla <i>Salting and drying</i>	Mjöl- og lýsisvinnsla <i>Fish meal and oil</i>	Ferskfisk- vinnsla <i>Fresh fish processing</i>
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	237.525	115.446	41.707	40.821	39.551
2. Aðföng alls <i>Intermediate consumption</i>	167.166	77.410	29.819	28.129	31.809
3. Vinnsluvirði <i>Value added (3.=1.-2.)</i>	70.359	38.037	11.888	12.693	7.741
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) <i>Share of capital, gross</i>	40.352	22.157	5.622	10.237	2.336
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	17,0	19,2	13,5	25,1	5,9
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	5.487	2.593	867	1.488	539
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8=6.-7.)</i>	34.865	19.564	4.755	8.748	1.797
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	2.085	330	1.622	339	-206
10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i>	32.779	19.234	3.133	8.409	2.003
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	13,8	16,7	7,5	20,6	5,1
11. Árgreiðsla (6%) <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	7.760	3.707	1.268	2.071	715
12. Hreinn hagnaður <i>Net profit (12.=6.-11.)</i>	32.592	18.450	4.355	8.166	1.621
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	13,7	16,0	10,4	20,0	4,1

Skýringar *Notes:* Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af viðkomandi vörutegundum samkvæmt tölum Hagstofunnar. Útflutningsframleiðsla þeirra vinnsludeilda, sem eru með í úrtakinu, var 66% af útflutningi landfrysts botnfisks, 74% af útflutningi botnfisksöltunar, 83% af útflutningi mjölvinnslu og 71% af útflutningi ferskra afurða, sem gerir um 81% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, síldarsöltun og er rekstur þeirra talinn með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu.

Tafla 6. Dreifing eiginfjárlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2012–2013
Table 6. Distribution of equity ratio 2012–2013, all enterprises in the sample

Eiginfjárlutfall <i>Equity ratio</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Eiginfjár- hlutfall (%) <i>Equity ratio (%)</i>	Hlutdeild í eignum (%) <i>Share of total assets (%)</i>	Hlutdeild í tekjum (%) <i>Share of operating revenue (%)</i>
2013				
Alls Total	975	32,6	100,0	100,0
< -100	108	-284,0	0,9	2,5
-75– -100	29	-81,6	0,5	0,3
-50– -75	45	-62,0	1,0	0,9
-25– -50	63	-31,1	2,0	1,4
0– -25	119	-11,0	7,8	8,0
0–25	133	10,1	12,4	10,6
25–50	127	36,4	40,1	34,9
50–75	106	55,1	29,0	35,1
>75	245	90,6	6,3	6,3
<0	364	-40,7	12,2	13,1
0>	611	42,7	87,8	86,9
2012				
Alls Total	905	23,6	100,0	100,0
< -100	92	-261,2	1,2	1,9
-75– -100	25	-83,8	0,9	1,2
-50– -75	43	-58,5	2,3	2,6
-25– -50	66	-36,7	1,4	1,6
0– -25	142	-11,8	13,6	10,9
0–25	125	16,2	21,4	17,8
25–50	104	36,0	42,1	44,8
50–75	89	59,4	11,0	12,9
>75	219	91,0	6,2	6,3
<0	368	-37,3	19,3	18,2
0>	537	38,2	80,7	81,8

Skýringar *Notes:* Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkurra einstaklingsfyrirækja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárlutfalls. *Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded*

Atvinnuveganefnd Alþingis
Jón Gunnarsson - formaður

Efni: Umsögn LL um frumvarp til laga um breytingar á lögum um veiðigjöld nr. 74/2012, mál nr. 692.

Aðalfundur Landssambands Línubáta sem haldinn var í Grindavík 11. maí 2015 vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við framkomnið frumvarp um breytingar á lögum um veiðigjöld:

Þegar samþykkt var að koma á veiðigjöldum árið 2002 var það til að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu. Sitt sýndist hverjum um ágæti þessa, en fljótt skapaðist þó samstaða um málið, enda átti þorri hins innheimta gjalds að renna til rannsókna Hafrannsóknar og skyldra verkefna.

Ekki leið þó langur tími þegar farið var að líta á þetta sem almenna tekjulind ríkissjóða og samfara því var talið um sjálfsagða auðlindarentu að ræða sem útgerðin í landinu bæri að greiða fyrir afnotin af auðlindinni. Nú er svo komið að ýmsir „sérfræðingar“ telja það gjald sem lagt er á, og samsvarar u.þ.b. 20 % af heildarhagnaði greinarinnar, sé hvergi nærri nóg og hafa þeir hinu sömu jafnvel viðrað þá skoðun sína að álögð gjöld séu ekki nema fimmtungur af því sem útgerðinni bæri að greiða fyrir afnotin.

Umræðan meðal almennings og þá kröfur hinna sömu, snýst ekki lengur um réttmætt framlag útgerðar og fiskvinnslu fyrir afnot af auðlindinni, heldur hitt, að ekkert minna en allur samanlagður hagnaður vinnslu og útgerðar skuli innheimtur og helst meira til. Það er ekki að undra að svo skuli komið fyrir umræðunni um veiðileyfagjöldin, margir sjálfskipaðir sérfræðingar þjóðarinnar hafa fengið óheftan aðgang að fjölmiðlum þessa lands, fáir á hinum pólitíska vettvangi haft bein í nefinu til að standa gegn þessari framþróun, samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi hafa staðið máttlítil gegn þessu ofurefli liðs og með framlögðum breytingum á lögum í þessum efnum virðist allri fyrirstöðu endanlega vera rutt úr vegi og allar gáttir opnast. Landsamband Línubáta er ekki í nokkrum vafa um að hér verði ekki staðar numið, allt eftir því sem rekstur ríkissjóðs þyngist og þjóðin fjarlægist uppruna sinn, mun krafan um aukinn arð af auðlindinni magnast.

Það þarf vart að minna á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar þar sem m.a. segir: „Öflugt atvinnulíf er undirstaða vaxtar og velferðar. Ríkistjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjarfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.“ Að hækka veiðileyfagjöld um 20-50 % í helstu bolfisktegundum og stórlækka þann aflátt sem útgerðum stóð til boða af veiðileyfagjöldum, með það að markmiði að fella hann alveg niður, getur seint talist skref í þá átt að efla starfsumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, með það að markmiði að ýta undir fjárfestingu og atvinnusköpun. Það eina sem ýtt verður undir, náí þessi breyting á lögum fram að ganga, er enn meiri samþjöppun í sjávarútvegi en verið hefur.

Séð það einn ásetningurinn að ýta undir samþjöppun þá er bent á nauðsyn þess að heimila með lögum heimild til hærri hámarkseign í krókaafلامarkskerfinu en nú er. Það vefst ekkert fyrir Landssambandi Línubáta sú skilda manna að greiða einhverja réttmæta upphæð fyrir aðganginn að auðlindinni, en þar á bæ leyfa menn sér þó að benda á að hér á landi er sem betur fer um fleiri auðlindir að ræða, en miðin í kringum landið og afrakstur þeirra.

Sú atvinnugrein sem hraðast hefur vaxið undanfarin ár og skapar sennilega mun fleiri störf í dag en sjávarútvegurinn er ferðamannaíðnaðurinn. Þó svo að um ein milljón manna heimsæki landið í dag og traðki niður okkar helstu náttúruperlur virðist engin leið að koma því svo fyrir að af þessu atferli sé innheimt þóknun.

Verður það að teljast í meira lagi undarlegt að þjóðinni standi á sama þó hún hafi engar bætur af þeirri auðlindanotkun, aðrar en þann gjaldeyrir sem skapsat, störf og uppbyggingu.

Af öllu framansögðu hafnar Landssamband Línubáta því alfarið að veiðileyfagjöld verði hækkuð enn frekar frá því sem er og hvetur Atvinnuveganefnd til að gera slíkt hið sama.

Virðingarfyllst.

Reynir Þorsteinsson – framkvæmdastjóri LL

8. maí 2015

Atvinnuveganefnd Alþingis

Efni: Áherslupunktur frá LS um frumvörp um makríl og veiðigjald

1. Skip undir 100 brúttótonnum greiði ekki ígildi sérstaks veiðigjald af fyrstu 100 þorskígildistonnunum og $\frac{1}{2}$ gjald verði frá 100 að 200 tonnum.
LS leggur áherslu á að afsláttur falli ekki út á næsta fiskveiðiári.
2. Flestir smábátæigendur hafa tekjur sínar eingöngu af fiskveiðum – ósanngarnt er að veiðigjald á þá taki mið afkomu fyrirtækja sem bæði stunda veiðar og vinnslu. Eðlilegra væri að greiðendur veiðigjalds væru í 2 flokkum, annars vegar þeir sem stunda eingöngu veiðar og hins vegar þeir sem bæði eru með veiða og vinnslu.
3. LS telur að enn hafi ekki myndast samfelld aflareynsla á makríl þar sem einn útgerðarhópur hefur ekki haft tækifæri til veiðanna vegna göngumynsturs hans. Það getur ekki talist eðlileg túlkun að þeir einir fái heimildirnar sem veitt hafa yst í lögsögunni, þegar ljóst er að tegundin er nú fyrst að nema land á veiðisvæðum smábáta inni á flóum og fjörðum.
4. LS leggur áherslu á að makrílveiðar á handfæra- og línubátum verði aldrei kvótasettar. Veiðar hefjist í júlí og standi til 31. desember ár hvert. Hlutdeild smábáta í heildarmakrílafla verði 18%.

Með þökk fyrir fundinn og gangi ykkur vel

Þorvaldur Garðarsson varaformaður LS

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Frumvarp um stjórn veiða á NA-Atlantshafsmakríl

Landssamband smábátæigenda
á fundi með atvinnuveganefnd

8. maí 2015

Efni frumvarpsins gengur þvert á yfirlýsta stefnu og ályktanir Landssambands smábátæigenda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það skaða vöxt og viðgang smábátaúngerðar og draga úr möguleikum hinna dreifðu byggða að nýta hinn nýja gest í íslenskri lögsögu til atvinnu- og verðmætauppbyggingar.

Makrílveiðar eru kærkomin viðbót við útgerðarflóru smábáta.

- Smábátum á makríl hefur fjölgað jafnt og þétt, eða úr 17 bátum 2012 í 121 árið 2014.
- Aflinn hefur aukist í fullu samræmi við sóknina, úr 300 tonnum árið 2011 í 7.466 tonn á síðustu vertíð.
- Veiðigeta er fyrir hendi sem sýnir sig vel með að 4 bátar veiddu meira en 200 tonn á árinu 2014.

Landssamband smábátæigenda mótmælir frumvarpinu. Krafa félagsins er skýr – gefa á færaveiðar smábáta á makríl frjálssar þar sem heildarveiði þeirra geti náð allt 18% heildaraflans.

Veiðum smábáta á ekki að stjórna með kvótasetningu.

Tekjur af 150 tonnum = 10,5 milljónir aflaverðmæti


Kostnaður:

Veiðigjöld	2,70 milljónir
Laun og launatengd gjöld	4,20 milljónir
Markaðskostnaður	0,50 milljónir
Hafna-, afla- og þjónustugjöld	0,21 milljónir
Olíukostnaður	0,35 milljónir
Afborgun veiðarfæra	1,00 milljón
Tryggingar	0,30 milljónir
Annar kostnaður	<u>1,40 milljónir</u>
Samtals:	<u>10,66 milljónir</u>

Samráð nauðsynlegt

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda





Halldór Ármannsson formaður
Þorvaldur Garðarsson varaform.
Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Samráð nauðsynlegt

**Álit umboðsmanns kveður ekki á um að
hlutdeildartengja smábáta**



Samráð nauðsynlegt

**Álit umboðsmanns kveður ekki á um að
hlutdeildartengja smábáta**

Afturför við undirbúning að lagasetningu

Málaferli

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda





Halldór Ármannsson formaður
Þorvaldur Garðarsson varaform.
Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Málaferli

Veiðireynsla smábátæigenda

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Haldór Ármannsson formaður
Þorvaldur Garðarsson varaform.
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Málaferli

Veiðireynsla smábátæigenda

Efnahagsleg áhrif



Málaferli

Veiðireynsla smábátæigenda


Efnahagsleg áhrif

Neikvætt fyrir sjávarútveginn


Sóknarstýring smábáta

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda





Haldór Ármannsson formaður
Þorvaldur Garðarsson varaform.
Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Sóknarstýring smábáta

Ekki forsenda fyrir álagi á veiðigjald



Hvert fara aflaheimildir sem frumvarpið boðar?




Snæfellsnes, Faxaflói, Reykjanes telur alls 90 báta. Þeir fá alls 2/3 allra veiðiheimildanna – 5.011 tonn. Helming heimildanna skipta 25 bátar á milli sín. Þeir 65 bátar sem eftir standa fá að meðaltali 39 tonn.

Vestfirðir og Dalabyggð 10,8% alls 30 bátar - aflaheimild 808 tonn. Þrír efstu bátarnir með 37,5% af veiðiheimildunum. Þeir sem eftir standa 27 bátar fá að meðaltali 19 tonn





Halldór Ármannsson formaður
Þorvaldur Garðarsson varaform.
Örn Pálsson framkvæmdastjóri



LANDSSAMBAND
smábátaeigenda





Á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi fá alls 45 bátar úthlutun. Þeir skipta á milli sín 22,4% heimildanna – 1.680 tonnnum. Alls eru það 8 bátar sem fá 64% heimildanna, þeir sem eftir standa, 37 bátar deila með sér afgangnum þar sem meðalt á hvern bát verða 16 tonn.

Halldór Ármannsson formaður
Þorvaldur Garðarsson varaform.
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Vestfirðir, Norður og Austurland			Verði 7.500 tonnum úthlutað			
			49 bátar	meðaltal	kvóti	
			0,34%	25 tonn	1.245 tonn	
		Meðaltal pr. bát				
	Hlutdeild	Fjöldi	hlutdeild	kvóti		
Reykjanes	20,2%	29 bátar	0,70%	52 tonn	1.514 tonn	
Faxaflói	13,9%	25 bátar	0,56%	42 tonn	1.046 tonn	
Snæfellsnes	32,7%	36 bátar	0,91%	68 tonn	2.455 tonn	
Búðd. - Patró	4,7%	11 bátar	0,43%	32 tonn	353 tonn	
Tálknfj. - Súðavík	1,4%	6 bátar	0,23%	17 tonn	104 tonn	
Strandir	4,7%	13 bátar	0,36%	27 tonn	351 tonn	
Blönduós - Sauðárkr	3,1%	8 bátar	0,38%	29 tonn	230 tonn	
Síglufj. - Djúpivogur	7,5%	22 bátar	0,34%	25 tonn	560 tonn	
Höfn - Þorlákshöfn	11,8%	15 bátar	0,79%	59 tonn	888 tonn	
		100%	165 bátar	0,61%	45 tonn	7.500 tonn

Verði 7.500 tonnum úthlutað					
		Meðaltal pr. bát		Úthlutaður	
	Hlutdeild	Fjöldi	hlutdeild	kvóti	kvóti
Höfuðborgarsvæðið	6,4%	10 bátar	0,64%	48 tonn	483 tonn
Reykjavík	1,3%	5 bátar	0,27%	20 tonn	100 tonn
Hafnarfjörður	4,2%	3 bátar	1,41%	105 tonn	316 tonn
Garðabær	0,0%	0 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn
Kópavogur	0,9%	2 bátar	0,45%	33 tonn	67 tonn

Vesturland	40,6%	53 bátar	0,77%	57 tonn	3.042 tonn
Akranes	7,5%	15 bátar	0,50%	38 tonn	563 tonn
Borgarbyggð	0,0%	0 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn
Snæfellsbær	22,1%	20 bátar	1,11%	83 tonn	1.659 tonn
Grundarfjörður	0,8%	2 bátar	0,39%	29 tonn	59 tonn
Stykkishólmur	9,8%	14 bátar	0,70%	53 tonn	737 tonn
Dalabyggð	0,3%	2 bátar	0,16%	12 tonn	24 tonn

Vestfirðir	10,5%	28 bátar	0,37%	28 tonn	784 tonn
Vesturbyggð	4,4%	9 bátar	0,49%	37 tonn	329 tonn
Tálknafjörður	0,1%	1 bátar	0,00%	0 tonn	8 tonn
Ísafjörður	1,1%	3 bátar	0,00%	0 tonn	81 tonn
Bolungarvík	0,2%	2 bátar	0,10%	8 tonn	15 tonn
Árneshreppur	0,0%	0 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn
Drangsnæs	1,3%	7 bátar	0,19%	14 tonn	99 tonn
Hólmavík	3,4%	6 bátar	0,56%	42 tonn	251 tonn

Halldór Ármannsson formaður
Þorvaldur Garðarsson varaform.
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Norðurland Vestra	3,1%	8 bátar	0,38%	29 tonn	230 tonn
Blönduós	2,3%	4 bátar	0,58%	43 tonn	174 tonn
Skagaströnd	0,7%	3 bátar	0,25%	18 tonn	55 tonn
Sveitarfélagið Skagafjörður	0,0%	1 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn
Hofsós	0,0%	0 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn

Norðurland eystra	6,9%	15 bátar	0,46%	35 tonn	520 tonn
Fjallabyggð	4,1%	5 bátar	0,81%	61 tonn	305 tonn
Dalvík	0,6%	3 bátar	0,21%	16 tonn	47 tonn
Akureyri	0,5%	3 bátar	0,15%	11 tonn	34 tonn
Grýtubakkahreppur	0,0%	0 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn
Norður Þing	1,8%	3 bátar	0,60%	45 tonn	134 tonn
Langnesbyggð	0,0%	1 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn

Austurland	0,5%	6 bátar	0,09%	7 tonn	40 tonn
Vopnafjörður	0,2%	2 bátar	0,08%	6 tonn	13 tonn
Borgarfjörður Eystri	0,0%	0 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn
Seyðisfjörður	0,0%	0 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn
Fjarðarbyggð	0,0%	0 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn
Breiðdalsvík	0,1%	1 bátar	0,10%	7 tonn	7 tonn
Djúpivogur	0,3%	3 bátar	0,09%	7 tonn	20 tonn

Suðurland	11,8%	15 bátar	0,79%	59 tonn	888 tonn
Höfn	6,7%	4 bátar	1,67%	125 tonn	501 tonn
Vestmannaeyjar	1,6%	2 bátar	0,80%	60 tonn	119 tonn
Árborg	2,8%	3 bátar	0,93%	69 tonn	208 tonn
Þorlákshöfn	0,8%	6 bátar	0,13%	10 tonn	59 tonn

Reykjanes	20,2%	29 bátar	0,70%	52 tonn	1.514 tonn
Grindavík	5,4%	9 bátar	0,60%	45 tonn	408 tonn
Reykjanesbær	3,1%	7 bátar	0,44%	33 tonn	230 tonn
Sandgerði	10,1%	5 bátar	2,01%	151 tonn	755 tonn
Garður	1,6%	8 bátar	0,20%	15 tonn	121 tonn
Vogar	0,0%	0 bátar	0,00%	0 tonn	0 tonn

Halldór Ármannsson formaður
Þorvaldur Garðarsson varaform.
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Frumvarp um veiðigjöld

Landssamband smábátæigenda
á fundi með atvinnuveganefnd

8. maí 2015

Smábátæigendur hafa tekjur sínar af fiskveiðum – engin sanngirni er í að veiðigjald á þá taki mið afkomu fyrirtækja sem bæði stunda veiðar og vinnslu.

Reiknuð veiðigjöld í frumvarpinu eiga við fyrirtæki þar sem starfsemin er tvíþætt – útgerð skipa og vinnsla afla.

Í frumvarpinu er lagt til að afsláttur af veiðigjaldi til smærri útgerða verði kr. núll á næsta fiskveiðiári.

Afslátturinn hefur farið lækkandi ár frá ári – var upphaflega tæp hálf milljón, síðan 250 þúsund af sérstöku veiðigjald og nú er lagt til að hann verði að hámarki 100 þúsund.

200.000

150.000

100.000

50.000


0

89.800 kr

10,0 tonn

LANDSSAMBAND
smábátæigenda






179.600 kr


20,0 tonn

■ 2014/2015

Halldór Ármannsson formaður
Þorvaldur Garðarsson varaform.
Örn Pálsson framkvæmdastjóri



**Veiðigjöld hjá bátum sem hafa minnstar
veiðiheimildir hækka um 127% milli ára**



Verði þetta ekki leiðrétt – fer hækkunin í sögubækurnar þar sem litið verður á það sem árás á smábátaútgerðina að hækka veiðigjald um 127% milli ára.

LS gerir kröfu um að fastur afsláttur á veiðigjald til smærri útgerðar verði kr. 400 þúsund

LS gerir einnig þá kröfu til atvinnuveganefndar að tekið verði tillit til kostnaðar vegna kvótaleigu með því að undanþiggja þá að greiðslu á veiðigjaldi í ýsu.

Kæruleysi ríkir við ákvörðun um veiðigjald á smábáta

Tafla 1: Rekstraryfirlit fiskveiða 2009–2013.

Hreinn hagnaður EBT m.kr.	Samtals	Bátar undir 10 brl.	Bátar 10–200 brl.	Bátar > 200 brl.	Upp- sjávar- veiðiskip	Ísfisk- togarar	Botnfisk- frysti- togarar*	Upp- sjávar- frystiskip
2009	10.733	227	-261	154	591	2.837	7.184	
2010	18.617	645	3.808	5.106	1.859	3.330	3.867	
2011	23.218	344	2.428	1.818	3.972	2.216	12.440	
2012	22.119	-284	2.363	2.078	4.523	4.021	4.936	4.482
2013	27.985	-299	4.571	2.993	2.326	4.922	6.000	7.471

*Samtals frystitogarar á árunum 2009–2011



Veiðigjald sem lagt er til í frumvarpinu er hvað mest íþyngjandi fyrir smábátaeigendur af öllum útgerðarflokkum hætt er við að margar útgerðir sjái sér ekki fært að gera út, vonleysi grípi sig sem leiði til fækkunar Einstaklingsútgerða sem gengur í berhögg við eftirfarandi ákvæði í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar .

Tegund/veiðigjöld	2015/2016	2014/2015	breyting
Porskur	20,38 kr/kg	13,30 kr/kg	53%
Ýsa	26,90 kr/kg	18,19 kr/kg	48%
Steinbítur	18,07 kr/kg	14,18 kr/kg	27%
Ufsi	13,24 kr/kg	8,65 kr/kg	53%

Veiðigjald sem lagt er til í frumvarpinu er hvað mest íþyngjandi fyrir smábátæigendur af öllum útgerðaflokkum hætt er við að margar útgerðir sjái sér ekki fært að gera út, vonleysi grípi sig sem leiði til fækkunar einstaklingsútgerða sem gengur í berhögg við eftirfarandi ákvæði í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar .

Veiðigjald sem lagt er til í frumvarpinu er hvað mest íþyngjandi fyrir smábátaeigendur af öllum útgerðaflokkum hætt er við að margar útgerðir sjái sér ekki fært að gera út, vonleysi grípi sig sem leiði til fækkunar einstaklingsútgerða sem gengur í berhögg við eftirfarandi ákvæði í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar .

„Öflugt atvinnulíf er undirstaða vaxtar og velferðar. Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum“.



Breytingar á afslætti vegna skulda sem stafa af kvótakaupum.

LS mótmælir þeirri skerðingu afsláttar sem boðað er í frumvarpinu. LS minnir á að framangreindur afsláttur er tilkominn vegna kvótakaupa smábáta og er því félaginu illskiljanlegt hvernig nokkur af stærstu fyrirtækjum sjávarútvegsins hafi fengið afslátt af veiðigjöldum vegna framangreindra forsendna um skuldsetningu.

Skip nr.	Nafn	besta ár		útreikn kvóti	umfram
		ártal	afli		
2680	Sæhamar SH 223	2014	137.877 kg	277.943 kg	102%
2739	Siggi Bessa SF 97	2014	205.030 kg	326.852 kg	59%
2086	Mangi á Búðum SH 85	2014	105.784 kg	158.789 kg	50%
2070	Fjóla SH 7	2013	105.471 kg	154.076 kg	46%
1516	Fjóla GK 121	2012	243.061 kg	353.876 kg	46%
1773	Litli Hamar SH 222	2013	138.740 kg	197.317 kg	42%
2615	Ingibjörg SH 174	2014	119.771 kg	170.223 kg	42%
1765	Guðbjörg Kristín KÓ 6	2012	47.602 kg	64.315 kg	35%
2381	Hlöddi VE 98	2014	89.143 kg	119.283 kg	34%
6381	Fúsi ST 600	2014	11.170 kg	13.602 kg	22%
2568	Ella ÍS 119	2013	44.539 kg	53.305 kg	20%
2830	Álfur SH 414	2014	194.673 kg	230.502 kg	18%
1178	Blíða SH 277	2010	115.103 kg	123.816 kg	7,6%
2706	Sæunn Sæmundsdóttir ÁR 60	2012	2.169 kg	2.331 kg	7,5%
2289	Flugalda ÓF 15	2014	80.289 kg	83.136 kg	3,5%
2483	Ólafur HF 200	2014	186.300 kg	187.427 kg	0,6%
2650	Strekkingur HF 30	2014	114.600 kg	115.162 kg	0,5%
2714	Óli Gísla HU 212	2014	61.580 kg	61.782 kg	0,3%

7. maí 2015

Atvinnuveganefnd Alþingis

Jón Gunnarsson formaður

Efni: Umsögn LS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld,
nr. 74/2012 (veiðigjald 2015 – 2018).
Mál nr. 692 Þingskjal 1166
(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Landssamband smábátæigenda ítrekar fyrri afstöðu sína um veiðigjöld að ekki sé sanngjarnt að uppfæra sömu aðferðafræði á alla útgerðarhópa sem nánast eingöngu veiða bolfisk, án þess að tekið sé tillit til kvótaleigu, atvinnusköpunar í landi og endanlegs afurðaverðs. Einnig gerir LS alvarlegar athugasemdir við að veiðigjöldum sé ekki skipt upp og lögð á hvern útgerðarhóp fyrir sig m.t.t. afkomu hans.

I. Ályktun aðalfundar LS

30. aðalfundur Landssambands smábátæigenda 2014 samþykkti eftirfarandi um veiðigjöld:

„Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að fyrstu 100 þorskíldistonnin verði undanskilin sérstöku veiðigjaldi og ½ gjald verði frá 100 að 200 tonnum.

Aðalfundur LS mótmælir harðlega sérstöku veiðigjaldi á sjávarútveginn. Fundurinn dregur stórlega í efa að þessi gjaldtaka standist stjórnarskrá eða stjórnáskilulegar kröfur um skattlagningu. Fundurinn leggur til að LS kanni þann möguleika að ráðast í málsókn vegna sérstaks veiðigjalds og ef það er niðurstaða að sá möguleiki sé líklegur til árangurs, skal LS standa fyrir slíkri málsókn.“

Greinargerð

Þessi gjöld drepa niður allan starfsvilja og frumkvæði einstaklinga til að standa í útgerð. Þegar hagnaðurinn fer í vasa allra annarra en þeirra sem afla hans gefast menn upp og það ýtir ennfremur undir samþjöppun í greininni.

II. Ályktun stjórnar LS, 3. mars 2014

„LS ítrekar fyrri afstöðu um að veiðigjöld taki mið af kostnaði við veiðar hvernar tegundar sem hlutfalli af aflaverðmæti. Sérstakt veiðigjald leggist á úthlutun umfram 100 þorskígildistonn, með því verði komið til móts við litlar og meðalstórar útgerðir.“

III. Breyting á föstum afslætti

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgerðir sem greiða minna en eina milljón í veiðigjald skuli fá kr. 100 þúsund í afslátt á fiskveiðiarinu 2016/2017. Eins og segir í frumvarpinu er þetta gert til að koma til móts við minni útgerðir. Það er vel ef svo væri.

Í d-lið 6. greinar frumvarpsins er fjallað um afsláttinn. Þar segir:

„Þeir greiðsluskyldu aðilar sem greiða lægra veiðigjald en nemur 1 millj. kr. vegna veiða allra fiskiskipa í eigu þeirra á tilteknu fiskveiðiarí eiga rétt á 100.000 kr. lækkun veiðigjalds á næsta fiskveiðiarí þar á eftir.“

LS er það hulin ráðgáta hvers vegna fastur afsláttur skuli falla niður á næsta ári, ekki síst þegar klifað er á því í frumvarpinu og við lagasetningu í fyrra að það sé sérstaklega verið að koma til móts við litlar og meðalstórar útgerðir.


LS vekur athygli á að með þeirri breytingu sem hér er lögð til lækkar, þ.e. fastur afsláttur úr 250 milljónum í 40 – 50 milljónir.

Til upprifjunar skal nefnt að 2013 var hámarksafsláttur kr. 479.700, í fyrra var veittur afsláttur á sérstakt veiðigjald kr. 250.000 og nú er boðað að hann falli niður á næsta ári og verði að hámarki 100 þúsund á fiskveiðiarinu 2016/2017.

LS mótmælir þessari ákvörðun harðlega og skorar á atvinnuveganefnd að breyta ákvæði frumvarpsins um fastan afslátt þannig að hann verði hækkaður í 400 þúsund og ná til allra smábáta minni en 30 brúttótonn..

Verði frumvarpið samþykkt án breytinga á þessu ákvæði mun veiðigjald fyrir báta með veiðheimildir minni en 58 tonn hækka um 127% á milli ára. Með því yrði slegið Íslandsmet í hækkun veiðigjalda milli ára.

Hér skal gripið til þekktis orðfæris: „Það er eitthvað að“.



IV. Kvótaleiga utan kostnaðar við veiðar

Landssamband smábátæigenda mótmælir því harðlega að við útreikninga á gjaldstofni hvernar fisktegundar skuli ekki tekið tillit til kostnaðar við leigu á aflaheimildum. Félagið telur það lýsa uppgjöf höfunda frumvarpsins að hafa ekki tekist á við þann þátt. Af þeim sökum eru útreikningar fyrir ýsu og þorsk rangir og ekki í takti við kostnað við veiðarnar.

Má í þessu sambandi benda á að krókaafلامarksbátar hafa undanfarin ár leigt til sín ýsu fyrir hundruði milljóna ár hvert. Dæmið sýnir glögg að verulega hallar þarna á einn útgerðarhóp þegar kemur til útreikninga á stuðli fyrir ýsu og þorsk.

- Það er álit LS að vegna gríðarlegs kostnaðar við kvótaleigu eigi smábátar að vera undanþegnir veiðigjaldi í ýsu.

V. Skýrsla Hagstofunnar – Hagur veiða og vinnslu

LS gerir athugasemdir við gögn Hagstofunnar sem lögð eru til grundvallar veiðigjöldum. Þar eru tilgreindir útgerðarflokkar og er augljóst að uppfærsla hefur ekki farið fram í tugi ára, þrátt fyrir miklar breytingar. T.d. riðlaðist smábátaútgerðin fyrir aldarfjórðungi, 1. janúar 1991, þegar netabátar fóru allir í aflamarkskerfið en stofnað

var krókaflamarkskerfi fyrir báta minni en 6 brl. Tafla Hagstofunnar breyttist hins vegar ekkert. Krókakerfið leiddi svo af sér krókaflamark, til skamms tíma bátar minni en 15 brt., en frá 2013 minni en 30 brúttótonn. Engar breytingar hafa hins vegar verið gerðar hjá Hagstofunni. Vegna þessa eru tölur sem notaðar eru við útreikning veiðigjalda ekki trúverðugar þegar krókabátar eru annars vegar.

Þess er farið á leit við nefndina að hún kalli eftir upplýsingum um afkomu krókaflamarksbáta. Vísbendingar eru um að afkoma þeirra sé ekki góð og því verður veiðigjald sem lagt er flatt yfir mest íþyngjandi fyrir þann hóp. Vakin er athygli nefndarmanna að taflan sem hér er gagnrýnd sýnir neikvæða afkomu árin 2012 og 2013 hjá bátum minni en 10 brl.

VI. Samþjöppun og fækkun útgerða

Landssamband smábátæigenda bendir á að verði frumvarpið óbreytt að lögum er hættu á aukinni samþjöppun og fækkun smærri fyrirtækja. Má í því sambandi benda á að útgerðum krókaflamarksbáta með hlutdeild í þorski hefur fækkað um 10% á árabílinu 2011 – 2014 og á sama tímabili hefur útgerðum með meira en 500 tonn í úthlutun fjölgað um helming.

Í frumvarpinu er boðuð mikil hækkun á veiðigjöldum í þeim tegundum sem eru undirstaða að veiðum smábáta. Það er því augljóst að verði ekki gripið til breytinga á frumvarpinu munu verða til gríðarlegir erfiðleikar meðal smábátæigenda.

Tafla hér að neðan sýnir veiðigjöld í ár og í fyrra og breytingu milli ára.

Tegund/veiðigjöld	2015/2016	2014/2015	breyting
Þorskur	20,38 kr/kg	13,30 kr/kg	53%
Ýsa	26,90 kr/kg	18,19 kr/kg	48%
Steinbítur	18,07 kr/kg	14,18 kr/kg	27%
Ufsi	13,24 kr/kg	8,65 kr/kg	53%

Vakin er sérstök athygli á þessu þar sem smábátar veiða 30% af allri ýsu sem veidd er og helming alls steinbíts. Það sýnir og þörfina á breytingum að afleiðingar frumvarpsins vinna gegn eftirfarandi ákvæði í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar:

„Öflugt atvinnulíf er undirstaða vaxtar og velferðar. Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum“.

VII. Breytingar á afslætti vegna skulda

LS andmælti ekki því sjónarmiði sem fram kom efnisatriðum frumvarps um veiðigjöld fyrir ári sem fjallaði um breytingu á afslætti á veiðigjaldi vegna skuldsetninga útgerða við kvótakaup. Þar var leitað jöfnuðar m.t.t. leiðréttinga sem gerðar höfðu verið á lánum.

LS óskaði þó sérstakega eftir því að við breytingu á lögnum yrði horft til þeirra skilmála sem lánin færðust til, eignavirði og stóraukins fjármagnskostnaðar við breytingu úr erlendri mynt í krónur. Því miður var ekki tekið tillit til þessa óska félagsins. Hér með er hún ítrekuð.

LS mótmælir þeirri skerðingu afsláttar sem boðað er í frumvarpinu. LS minnir á að framangreindur afsláttur er tilkominn vegna kvótakaupa smábáta og er því félaginu illskiljanlegt hvernig nokkur af stærstu fyrirtækjum sjávarútvegsins hafi fengið afslátt af veiðigjöldum vegna framangreindra forsendna um skuldsetningu.


VIII. Álag á veiðigjald á makríl

LS vísar til umsagnar félagsins um frumvarp til laga um stjórn veiða á NA-Atlantshafsmakríl.

Virðingarfyllst



Halldór Ármannsson formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um veiðigjöld (692. mál)

Reykjavíkurborg hefur borist til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um veiðigjöld. Þetta frumvarp tengist öðru máli sem er til meðferðar hjá alþingi sem er frumvarp til laga um stjórn Norðaustur-Atlantshafsmarkríl (691. mál).


Markmið frumvarpsins um breytingar á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012 er í fyrsta lagi að veiðigjald verði ákveðið til þriggja ára á grundvelli sömu aðferðar og viðhöfð var við ákvörðun gjaldanna fyrir yfirstandandi fiskveiðiár 2014/2015, í öðru lagi að ákveðið verði tiltekið lágmarksveiðigjald á alla stofna, í þriðja lagi að veiðigjaldsnefnd verði falið að reikna framlegð við veiðar á einstökum nytjastofnum og afkomiúgildi, í fjórða lagi að sérstakt álag verði lagt á veiðigjald í makríl, í fimmta lagi að veiðigjald verði innheimt í staðgreiðslu, í sjötta lagi að fyrirmæli um tímabundna lækkun veiðigjalds vegna kvótakaupa taki nokkrum breytingum, í sjöunda lagi að fyrirmæli um afslátt frá veiðigjaldi vegna smærri útgerða taki minni háttar breytingum, í áttunda lagi að tekið verði upp veiðigjald á hvalveiðar, og í níunda lagi að upplýsingum um kostnað við veiðar verði safnað með skattframtölum.

Markmið að baki lagasetningu um veiðigjöld á að hvíla á þremur meginforsendu: Að fiskimiðin skulu vera sameign þjóðarinnar, að það beri að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra og að þjóðin beri sanngjarna hlutdeild í afrakstri þessara auðlinda. Ekki er gætt að þessum sjónarmiðum í fyrirbyggjandi frumvarpi.

Nauðsynlegt er að alþingi hagi veiðigjöldum þannig að vel rekin fyrirtæki geti staðið undir þeim og jafnframt skilað eigendum sínum ásættanlegum arði. Einnig þarf að tryggja að þjóðin, eigandi fiskimiðanna fái ásættanlegan arð af sinni auðlind. Þá þarf veiðigjald einnig að standa undir nauðsynlegum rannsóknum á ástandi og stærð stofna svo tryggja megi sjálfbæra nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum.

Þá er mikilvægt að gögn og upplýsingar, sem þarf til að reikna framlegð við veiðar á einstökum nytjastofnum og afkomiúgildi, endurspegli stöðuna innan ársins og séu áreiðanleg.

F.h. Reykjavíkurborgar



*Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri*

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. apríl 2015
R2015040016/12.8.4

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld nr. 74/2012 - 692. mál, þskj. 1166

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. apríl 2015 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um veiðigjöld. Meðal meginatriða í frumvarpinu er að veiðigjaldsnefnd verður falið að reikna framlegð af veiðum á einstökum nytjastofnum og að upplýsingum um kostnað við veiðar verði safnað með skattframtölum.

Ljóst er að verulegur kostnaður mun verða hjá embætti ríkisskattstjóra við að breyta gagnagrunnum og vinnsluferfum til að taka á móti upplýsingum um launakostnað og breytilegan úthaldskostnað, en sundurgreina þarf kostnaðinn niður á einstök fiskiskip. Öll félög og einstaklingar sem eru eigendur fiskiskipa munu þurfa að sundurliða þennan kostnað. Bæta þarf því við fylgiblöðum með framtölum fyrir einstaklinga og lögaðila. Þá skal ríkisskattstjóri skora á framteljendur að bæta gagnaskil ef upplýsingar sem skilað er með framtali eru ófullnægjandi eða óglöggar, eða frekari upplýsinga er þörf. Verði áskorun um úrbætur ekki sinnt skal Fiskistofa áætla tekjur og kostnað.

Ríkisskattstjóri telur heppilegra að kveðið sé á með ótvíræðum hætti að Fiskistofu sé heimilt að kalla eftir þeim upplýsingum frá ríkisskattstjóra sem skattaðilum er gert skylt að láta fylgja með skattframtölum sínum fremur en að frumkvæðið sé lagt með óbeinum hætti á ríkisskattstjóra með orðalaginu: „skal ríkisskattstjóra heimilt að láta Fiskistofu í té þær upplýsingar sem greinir í 2. mgr.“ Eðlilegra verður að telja að þeirri stofnun sem þarf á upplýsingum að halda sé veitt heimild til að afla þeirra frá tilgreindum aðila fremur en að heimild til afhendingar sé veitt þeim sem býr yfir upplýsingum að því er virðist að eigin frumkvæði, sem er ekki hefðbundin framsetning, þegar í hlut á aðili sem er settur undir ákvæði um þagnarskyldu.

Lagt er því til að 3. mgr. e. (10. gr.) orðist með svofelldum hætti:

Fiskistofu er heimilt að afla þeirra upplýsinga sem greinir í 1. og 2. mgr. frá ríkisskattstjóra.

Í e lið 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að í 10. gr. verði útgerðaraðilar og rekstraraðilar íslenskra fiskiskipa skyldaðir til að skila tilteknum upplýsingum með framtali, en þar segir, „...skulu eigendur, útgerðaraðilar og rekstraraðilar íslenskra fiskiskipa sem stunda veiðar á nytjastofnum sjávar skila sérgreindum upplýsingum um þá afkomuþætti sem greinir í a–c-lið 1. mgr. 7. gr., sundurgreint á einstök fiskiskip, með skattframtölum samkvæmt reglum sem ráðherra setur í samráði við embætti ríkisskattstjóra“. Verður því hægt að krefja framteljanda


um skil á þessum upplýsingum með framtali ef hann er eigandi fiskiskips. Tryggja má skil á eyðublaðinu í rafrænum framtalsskilum með þeim hætti að óútfyllt sundurliðun skilaði villu og þar með væri lokað fyrir framtalsskil.

Ríkisskattstjóri vill vekja athygli á að sundurliðun launakostnaðar og breytilegs úthaldskostnaðar mun væntanlega verða með eitthvað öðrum hætti en sundurliðun kostnaðar er í dag í skattframtali rekstraraðila (RSK 1.04) sem lögaðilar skila eða sundurliðun kostnaðar í rekstrarskýrslu (RSK 4.11) sem einstaklingar í atvinnurekstri almennt skila. Full afstemming við gjaldfærða kostnaðarliði í framtali verður því að óbreyttu ekki möguleg. Þá mun þessi afstemming hjá aðilum sem stunda aðra starfsemi samhliða útgerðinni verða vandasöm. Þá er rétt að benda á að möguleikar ríkisskattstjóra til yfirferðar, afstemmingar og mats á viðkomandi gögnum kunna að vera takmarkaðir.


Kostnað skal reikna fyrir heilt almanaksár. Nokkur félög eru með annað reikningsár en almanaksárið, sbr. heimild í 59. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Hjá þeim félögum verður afstemming á launakostnaði og breytilegum úthaldskostnaði við fjárhæðir í framtali ónákvæmari.

Ríkisskattstjóri gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið en það virðist ekki fela í sér neinar breytingar á gildandi reglum um tekjuskattsálagningu í sjávarútvegi.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J. Rögnvaldsson



Jón Ásgeir Tryggvason

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.
www.ses.is

Alþingi nefndasvið,
101 Reykjavík.
nefndasvid@althingi.is

Hornafirði, 24. apríl 2015.

Umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld (veiðigjald 2015-2018), 692. mál.

Vísað er í tölvupóst nefndasviðs Alþingis 20. apríl 2015 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld.

Eftirfarandi umsögn sú er veitt um þetta frumvarp:

Svo nefnd netlög, sem er belti sjávar næst landi í landhelgi Íslands er, samkvæmt lagafyrirmælum frá Alþingi, eign sjávarjarða. Lífríkið og sjórinn innan og utan netlaga er ein hreyfanleg og óskipt heild. Þetta staðfestir séreignarhlutdeild sjávarjarða í sameign íslensku þjóðarinnar sem nefnd er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Lagalega meginreglan er sú að þar sem séreignarrétti þjóðarinnar eða ríkisins sleppir til sjávarauðlindarinnar tekur við eignarréttur sjávarjarða.

Má í þessu sambandi vísa í lögbanasmál Ríkissjóðs Íslands (sóknaraðili) gegn landeigendafélaginu Geysir ehf. Þar kemur fram hjá sóknaraðila 12. apríl 2014: „Minnt er á að ef ráðstöfun eða afnot breyta tilgangi sameignar, eru meiriháttar eða ef ráðstöfun eða afnot er óvenjuleg þurfi samþykki allra eigenda óskiptrar sameignar“.

Framanefnt frumvarp er ekki löglegt og brýtur eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, sem íslenskir alþingismenn hafa unnið drengskaparheit að. Framlagning frumvarpsins er umboðs- og heimildarlaus. Þess vegna er farið fram á að hætt verði við framlagningu frumvarpsins og það dregið til baka.

Ástæðan fyrir því að frumvarpið er ólöglegt er, að verið er að setja veiðigjöld á veiðar á fiski í landhelgi Íslands en hluti hennar er eign eigenda sjávarjarða en þeir hafa ekki heimilað gjaldtöku vegna nýtingar eignarinnar og fá ekkert af gjaldinu þrátt fyrir að vera hlutaðeigendur í auðlindinni.

Virðingarfyllst,
f.h Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður.
ses.netlog@gmail.com

omar@litlahorn.is

Sjá meðfylgjandi gögn með upplýsingum:

Auglýsing, dags. 27. mars 2014.

Bréf, dags. 23. október 2009 frá lögmannsstofunni Réttur til sjávarútvegsráðherra.

Bréf, dags. 4. mars 2015 frá Samtökum eigenda sjávarjarða til Stjórnarskrárnefndar.

Ses upplýsingar 12 erindi vegan sjávarjarða.

Ses atvinnuveganefnd Alþingis glærur 31. október 2011.

Auglýsing

um einkaeign á hafsvæðinu í netlögum og að sjávarjörðum fylgir eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild

Með vísan til meginreglna íslensks réttar um réttaráhrif friðlýsinga og lögfestna, sbr. m.a. 16. og 17. kap. landleigubálks Jónsbókar, og með vísan til samkvæmrar dómiðkunar frá ómunatíð og neðangreindra tilvitnana í sett lög, þá **kunngjörast hér með og tilkynnist:**

- Eigendur sjávarjarða eiga eignarréttarlega hlutdeild í sjávarauðlindinni og beinan eignarrétt að fiskveiði í netlögum sem er varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Eigendur sjávarjarða eiga ítaksrétt til veiða í fiskhelgi utan netlaga og á hefðbundnum miðum, sem jafna má til afréttarréttinda og er því eignarréttarlegs eðlis og varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt opinberri skýrslu stjórnvalda eiga nokkrar jarðir ákveðin fiskimið, sbr. t.d. skýrslu stjórnarerindrekans Ólafs Olavíusar 1776.
- Útræði/heimræði og útræðisréttur, er einnig varinn af 75. gr. stjórnarskrár, enda jafnframt atvinnuréttarlegs eðlis.
- Sjórinn og sjávarbotninn í netlögum er víða mikilvæg uppeldisstöð og þar er oft mikil fiskgengd. Lífríkið og sjórinn innan og utan netlaga er ein hreyfanleg og óskipt heild. Þetta staðfestir séreignarhlutdeild sjávarjarða í sameign íslensku þjóðarinnar sem nefnd er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Lagalega meginreglan er sú að þar sem séreignarrétti þjóðarinnar eða ríkisins sleppir til sjávarauðlindarinnar tekur við eignarréttur sjávarjarða.

Sjávarjarðir á Íslandi eiga og hafa frá ómunatíð átt hlutdeild í sjávarauðlindinni. Eignarhlutdeild þessi byggist í fyrsta lagi á netlögum, sem er ákveðið svæði í einkaeign í sjó út af landi (samanber meðal annars 3. kapítula rekabálks Jónsbókar frá 1281, 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. gr. laga nr. 39/1914 um beitutekju, 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, 14., 72., 77., og 96. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði, 1. og 2. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, 1. gr. laga nr. 64/1994 um fuglaveiðar, 1. og 2. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og 1. gr. laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis). Í öðru lagi eiga sjávarjarðir fornan atvinnurétt, svokallað útræði/heimræði, sem metið hefur verið í fasteignamati og einnig hvalveiðiréttindi. **Eigendur netlaga eru hluti íslensku þjóðarinnar. Samkvæmt lögum eru nytjastofnar í netlögum á Íslandsmiðum eign þess hluta þjóðarinnar sem á netlög.**

Fiskveiðilandhelgi Íslands, sem miðast út frá landi, víðast út frá landi sem er í einkaeign, nær einnig yfir netlög og er því þessi séreignarréttur hluti af landhelginni, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi Íslands. Þessi réttur sjávarjarða hefur ólöglega verið afhentur

öðrum til nýtingar. Hafið og lífríkið í netlögum, ásamt öllum gögnum og gæðum, fylgir sjávarjörðum og er eign eigenda sjávarjarða. Einn frjósamasti hluti hafsins er í netlögum og er lífríkið ásamt sjónum sjálfum á hreyfingu milli netlaga í einkaeign og ytra svæðis þar sem ríkið fer með umráð. Auðlindin er því óskipt sameign. Geta má í þessu sambandi um tvær sjónvarpsmyndir eftir Dr David Attenborough, sem heita “The blue planet” (Hafið bláa hafið-Með ströndum fram). Þær sýna hversu mikilvægt grunnsævið er (netlög) fyrir lífríkið í hafinu.

Vísað er til þess, að með lögum um stjórn fiskveiða hefur eigendum sjávarjarða verið einhliða meinað að nýta þessa eign sína, án þess að fullt verð hafi komið fyrir, samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og án þess að friðunarástæður eða önnur haldbær lagarök fyrir takmörkun eignarréttinda séu fyrir hendi.

Vísað er í það sem haft er eftir Eiríki Tómassyni, prófessor í lögum við Háskóla Íslands (sem nú er hæstaréttardómari) á 7. fundi nefndar um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu, 19. febrúar 2010:

„Fram kom að eigendur sjávarjarða hafa réttinda að gæta. ET sagði netlög skapa eignarrétt, en ríkið má samt sem áður setja skilyrði um veiðar innan þeirra. Ef þessi réttur yrði innkallaður til ríkisins þyrfti að greiða bætur fyrir“.

Ennfremur er vísað í skilgreiningar eignarréttarsérfræðinga, m.a. Gauks Jörundssonar, fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, þar sem kemur fram að **vatn (sjór) sem yfir landi liggur telst til fasteignarinnar og er því sjórinn í netlögum eign viðkomandi jarðar.**

Nýlega hefur European Court of Human Rights komið með eftirfarandi álit sitt í úrskurði, í málinu nr. 40169/05, dags. 2 December 2008, um eignarrétt sjávarjarða í sjávarauðlindinni:

3. The Courts’s assessment

“Moreover, the Court finds that the applicant’s right to engage in fishing in the net zone adjacent to the coastal property in question constituted a “possession” within the meaning of Article 1 of protocol No. 1”.

Álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum stjórnvöldum eða dómstólum.

Fyrrgreindur eignarréttur er friðhelgur og stjórnarskrárvarinn. Alþingismenn hafa unnið drengskaparheit að eignarréttarákvæði stjórnarskrár Íslands.

Reykjavík, 27. mars 2014.

Samtök eigenda sjávarjarða

Við vísum sérstaklega í bréf samtakanna til nefndasviðs Alþingis, dags. 12. ágúst 2011 og bréf, dags. 11. júní 2009. Ennfremur vísum við í bréf lögmannstofunnar Réttur til sjávarútvegsráðherra, dags. 23. október 2009 um rétt eigenda sjávarauðlindarinnar til auðlindagjalds, en þar segir: Að lokum vísa samtökin sérstaklega til þingsályktunar frá júní 1998 (465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing) um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, en þar má greina vilja löggjafans til þess hvert auðlindagjaldið skuli renna. Í þingsályktunni kemur fram:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmunu hafa að gæta.“

Það er upplýst hér, að sjávarjarðir eiga hlutdeild í sjávarauðlindinni, svo nefnd netlög, sem er stjórnarskrárvarin eignarréttur og lagafyrirmæli eru um þann rétt. Visindalega hefur verið sýnt fram á að grunnsævið er eitt mikilvægasta svæðið fyrir lífríkið í hafinu. Sjórinn og lífríkið er á ferð milli netlaga og ytra svæðis. Auðlindin er því óskipt sameign.

Í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 segir í 2. gr., 2. mgr.: „Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn“. Enginn vafi leikur á því að séreignarréttindi sjávarjarða í hafinu eru innan þessara marka.

Eftirfarandi var haft eftir Eiríki Tómassyni, prófessor í lögum við Háskóla Íslands (nú hæstaréttardómara), samkvæmt fundargerð á 7. fundi nefndar um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu, 19. febrúar 2010:

“Formaður (Guðbjartur Hannesson) spyr hvernig langtímaafnotaréttur hefur verið skilgreindur og hvort hugmyndir úr annarri auðlindalöggjöf séu yfirfærnanlegar á fiskveiðilöggjöfina m.t.t. afnotaréttar. Fram kom að eigendur sjávarjarða hafa réttinda að gæta. ET sagði netlög skapa eignarrétt, en ríkið má samt sem áður setja skilyrði um veiðar innan þeirra. Ef þessi réttur yrði innkallaður til ríkisins þyrfti að greiða bætur fyrir.

Rætt var um hversu vandasamt það er að skilgreina eign og afnot og þá sérstaklega að teknu tilliti til þess atvinnuréttar sem getur skapast af eignarrétti eða afnotarétti”.

Við viljum vekja athygli á álit Mannréttindadómstóls Evrópu 2. desember 2008 en þar segir orðrét: **„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.** Við bendum á að álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum embættismönnum eða dómstólum.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða vísar til þess, að við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða 1983 var það ekki síst gert í friðunartilgangi til bráðabrigða. Eigendur sjávarjarða sættu sig við þá tilhögun um stundarsakir. Nú hafa lögini verið endurnýjuð ítrekað og þau hafa festst í sessi en ekkert tillit er tekið til eignar- og nýtingarréttar sjávarjarða sem fyrir var.

Það er ekki minnst einu orði á eignarrétt sjávarjarða í sjávarauðlindinni í nýju frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, mál nr. 657 2012, þó svo að eignarréttur þessi sé samkvæmt lögum frá Alþingi sjálfu. Aðeins er minnst á netlög í Jónsbókarlögum í athugasemdum við lagafrumvarp þetta og þá í sambandi við almannarétt til nýtingar og fiskveiða utan netlaga í sjónum. Jónsbókarlög eiga sem sagt að gilda um almannarétt til nýtingar fiskistofna við Ísland utan netlaga en ekki um nýtingar- og eigendarétt þeirra sem eiga netlögin. Í Jónsbók segir m.a. um netlög: „Landeigandi á ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni”. Séreignarrétt þennan hafa sjávarjarðir nýtt frá ómunatíð án afskifta stjórnvalda þar til upp úr 1983. Þá var eignarréttur þessi ólöglega tekin af eigendum og afhentur öðrum og löglegir eigendur útilokaðir frá því að nýta eign sína. Í þessu tilviki er það veiði- eða nýtingarrétturinn sem er aðal andlag eignarréttarins.

Í frumvarpinu er ekkert getið um eignarrétt í netlögum sem er einn mikilvægasti hluti hafsins á grunnsævi umhverfis landið. Ekkert er heldur tekið á málinu í frumvarpi til laga um veiðigjöld, mál nr. 658. Þar sem netlög eru stjórnarskrárvarin eignarréttindi er slík framkoma Alþingis með öllu ólögleg, siðlaus og brýtur grundvallarmannréttindi. Við vísum til þess, að þingmenn Alþingis hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og þ.m.t. að löglegum eignarrétti sjávarjarða til sjávarins. Alþingismenn hafa ekki umboð og heimildir til að setja lög sem fara gegn lögum sem þegar eru fyrir hendi og skilgreina eignarréttindi. Til að það sé hægt þarf að uppfylla ákveðin skilyrði. Margir þeirra tuggast stöðugt á því að um sameiginlega auðlind í eigu þjóðarinnar sé að ræða en þegja um staðreyndina að aðrir eiga löglega hlutdeild í auðlindinni. Það er eins og alþingismenn séu að reyna að sannfæra sjálfa sig, með því að endurtaka nógu oft að sjávarauðlindin sé í eigu þjóðarinnar, að auðlindin sé öll orðin eign almennings. Svo má líka geta þess, að eigendur sjávarjarða eru hluti þjóðarinnar.

Stjórn SES gerir þá kröfu, að við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða verði löglegur og stjórnarskrárvarin réttur sjávarjarða virtur, getið verði um hann skýrum stöfum í nýjum lögum og að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hafi eftirlit með að það verði gert. Að öðrum kosti er málið orðið grafalvarlegt á alþjóðavísu vegna ólöglegrar framkomu stjórnvalda með þátttöku Alþingis.

Virðingarfyllst,
Samtök eigenda sjávarjarða.

Ómar Antonsson, formaður

Afrit:

arnipall@althingi.is; asmundurd@althingi.is; asmundurf@althingi.is; birgir@althingi.is; birgittaj@althingi.is; biarkeyq@althingi.is; bjarniben@althingi.is; bjorto@althingi.is; brynhildurp@althingi.is; brynjarn@althingi.is; einarg@althingi.is; elinhirst@althingi.is; elsalara@althingi.is; eygloha@althingi.is; frostis@althingi.is; gudbjarturh@althingi.is; gudlaugurthor@althingi.is; gudmundurst@althingi.is; gunnarbragi@althingi.is; hannabirna@althingi.is; haraldu rb@althingi.is; haraldure@althingi.is; helgihrafn@althingi.is; helgih@althingi.is; hoskuldurth@althingi.is; illugig@althingi.is; ingibjorgo@althingi.is; johannas@althingi.is; jong@althingi.is; ionthor@althingi.is; karlg@althingi.is; katrinia@althingi.is; katrini@althingi.is; kristjani@althingi.is; klm@althingi.is; lrm@althingi.is; lineikanna@althingi.is; mordur@althingi.is; oddyh@althingi.is; ottarrp@althingi.is; pallvalur@althingi.is; pallp@althingi.is; petur@althingi.is; rea@althingi.is; ragnheidurr@althingi.is; marshall@althingi.is; sdg@althingi.is; sii@althingi.is; sigrunm@althingi.is; sij@althingi.is; siljadogg@althingi.is; sjs@althingi.is; svandiss@althingi.is; ubk@althingi.is; vbj@althingi.is; valgerdur@althingi.is; viqdish@althingi.is; vilhialmura@althingi.is; vilhialmurb@althingi.is; willumthor@althingi.is; thorsteinns@althingi.is; thorunne@althingi.is; ogmundur@althingi.is; ossur@althingi.is

arj@althingi.is; arnij@althingi.is; arnipall@althingi.is; arnithor@althingi.is; asbjorno@althingi.is; asmundurd@althingi.is; atlig@althingi.is; bgs@althingi.is; birgittaj@althingi.is; birkir@althingi.is; bjarniben@althingi.is; bjormgi@althingi.is; einarg@althingi.is; eygloha@althingi.is; glg@althingi.is; gudbjarturh@althingi.is; gudlaugurthor@althingi.is; gudmundurst@althingi.is; gunnarbragi@althingi.is; helgih@althingi.is; hoskuldurth@althingi.is; illugig@althingi.is; jb@althingi.is; johanna@althingi.is; jong@althingi.is; jrg@althingi.is; katrinj@althingi.is; katrinja@althingi.is; klm@althingi.is; kristjanj@althingi.is; liljam@althingi.is; lrm@althingi.is; oddyh@althingi.is; ogmundur@althingi.is; olinath@althingi.is; ossur@althingi.is; petur@althingi.is; ragnheidurr@althingi.is; rea@althingi.is; sdg@althingi.is; ser@althingi.is; sii@althingi.is; sij@althingi.is; siv@althingi.is; sjs@althingi.is; skulih@althingi.is; svandiss@althingi.is; thback@althingi.is; thkg@althingi.is; thorsaari@althingi.is; thrainnb@althingi.is; ubk@althingi.is

**Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.**

Alþingi nefndasvið,
101 Reykjavík.
nefndasvid@althingi.is

20. apríl 2012.

Athugasemdir vegna frumvarps til laga um stjórn fiskveiða, mál nr. 657. (Lagt fyrir Alþingi á 140. Löggjafarþingi 2011-2012). Vísað er í meðfylgjandi bréf Samtaka eigenda sjávarjarða (Ses) til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, nefndasviðs, dags. 28. mars s.l.

Hér með legg ég fram eftirfarandi athugasemdir við fyrrgreint frumvarp fyrir hönd Ses.

Vísað er í fyrri athugasemdir Ses við frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og hvað þar kemur fram um eignarréttindi sjávarjarða í sjávarauðlindinni sem lagafyrirmæli eru um frá Alþingi sjálfu.

Í 1. gr. segir:

Markmið, þjóðareign og meðferð réttinda.

Rökrétt er að þessi liður 1. gr. verði hafður svona:

Markmið, þjóðareign **á þeim auðlindum sem ekki eru í einkaeigu** og meðferð réttinda.

Svo segir í d lið 1. gr.:

að hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu, d. liður ætti að hljóða svona:

að hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni **og öðrum eigendum auðlindarinnar** eðlilega auðlindarentu.

Samtökin vísa sérstaklega til þingsályktunar frá júní 1998 (465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing) um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, en þar má greina vilja löggjafans til þess hvert auðlindagjaldið skuli renna. Í þingsályktunni kemur fram:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

Svo segir í 2. mgr. e liðar 1. gr.:

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar.

Rökrétt er að 2. mgr. e liðar 1. gr. verði svona:

Nytjastofnar á Íslandsmiðum **sem ekki eru í einkaeigu** eru sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar.

Þessum breytingartillögum hér að ofan til stuðnings er vísað í umfjöllun stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis á tillögum stjórnlagaráðs á stjórnarskrá. Nefndin vildi að þjóðin fengi að kjósa um eftirfarandi atriði samkvæmt þingsályktunartillögu:

2. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir lýstar þjóðareign.

Eftir að hafa farið yfir tillöguna með landskjörstjórn og nokkrum sérfræðingum á svið lögfræði og stjórn málafræði, lagði meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis til, að textanum yrði breytt og bætti inn í hann eftirfarandi orðum:

2. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir **sem ekki eru í einkaeigu** lýstar þjóðareign.

Stjórn Ses fer fram á það að eigendum sjávarjarða, sem íslenskum ríkisborgurum, sé ekki mismunað. Sama orðalag verði viðhaft í lögum um þeirra eignarrétt í náttúruauðlindum og annarra manna eignarrétt í náttúruauðlindum.

Vísað er í 2. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem er um jafnræði, en þar segir í íslenskri þýðingu:

*Allir eiga kröfu á réttindum þeim og því frelsi sem fylgin eru í yfirlýsingu þessari og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, **eigna**, ætternis eða annarra aðstæðna. Eigi má heldur gera greinarmun á mönnum fyrir sakir stjórnskipulags lands þeirra eða landsvæðis, þjóðréttarstöðu þess eða lögsögu yfir því, hvort sem landið er sjálfstætt ríki, umráðasvæði, sjálfstjórnarlaust eða á annan hátt háð takmörkunum á fullveldi sínu.*

Hér er sérstaklega getið um að ekki megi gera greinarmun á eða mismuna mönnum vegna **eigna**.

Vísað er í 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem er um jafnræði, en þar segir í íslenskri þýðingu:

*Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, sambands við þjóðernisminnihluta, **eigna**, ætternis eða annarra aðstæðna.*

Hér er sérstaklega getið um að ekki megi gera greinarmun á eða mismuna mönnum vegna **eigna**.

Stjórn samtakanna vísar til 65. gr. stjórnarskrárinnar um að allir skulu vera jafnir fyrir lögnum.

Það væri ótrúlegur yfiringangur ef Alþingi samþykkir ný lög um stjórn fiskveiða einu sinni enn án þess að getið sé um sjávarjarðir sem eru löglegir hlutaðeigendur í sjávarauðlindinni. Vísað er í grein fjármálaráðherra í Fréttablaðinu 20. apríl 2012 en þar segir: „Fasteignæigendur geta krafist tekna af eigum sínum jafnvel þó þeir feli öðrum að nýta þær. Þetta þykir öllum sjálfsagt og eðlilegt. Ef fasteininni flygja hlunnindi hefur eigandinn einn rétt á tekjum vegna nýtingu þeirra“. Ekki leikur neinn vafi á því að, samkvæmt lögum eru eigendur sjávarjarða og netlaga eigendur fasteignar í sjávarauðlindinni.

Farið er fram á að fullt tillit verði tekið til eignarréttinda eigenda sjávarjarða við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða. Það verði gætt að því að orðalag laganna sé í samræmi við lög sem þegar eru fyrir hendi og getið verði um séreignarréttindi sjávarjarða í sjávarauðlindinni.

Heimasíða Samtaka eigenda sjávarjarða er: www.ses.is

Virðingarfyllst,

f.h Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður. ses.netlog@gmail.com

omar@litlahorn.is

Meðfylgjandi:

Ses upplýsingar 10 erindi vegna sjávarjarða.

Bréf til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 28. mars 2012.

Sjávarjarðir

Fundur með Atvinnuveganefnd

31. október 2011

Samtök eigenda sjávarjarða, SES

- Stofnuð 5. júlí 2001
- Félagar eru um 500
- Fjöldi sjávarjarða er rúmlega 2000
- Fjöldi jarða með heimræði/útræði er u.þ.b 1200
- Markmið samtakanna er:
 - Að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný og staðfestan í gildandi lögum um stjórn fiskveiða.
 - Að vinna að því að eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga, sem og tiltöluleg eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild, verði virt og í heiðri höfð.

Hvað eru netlög ?

- Samkvæmt íslenskum lögum eru **netlög** það svæði sjávar sem er í einkaeign eigenda sjávarjarða.
- Í 2. kafla rekabálks Jónsbókar , (1281) stendur:
 - “Sá maðr, er land á, hann á þara allan ok Landeigandi á, ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni.
- Í *Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849*, stendur í 3. gr.
“Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar.
Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma [eða 115 metra] frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans.”
- Í 21. gr. og jafnframt síðustu grein veiðitilskipunarinnar segir:
„Með þessari tilskipun er allt það af tekið, sem lög hafa verið hingað til um, fuglveiði og dýraveiði og selveiði, en allar greinir laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um kvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.“

Um stærð netlaga.

- Netlög afmarka landamerki sjávarjarða út í sjóinn
 - Í landabrigðisþætti Grágásar (Staðarhólsbókar) segir að „Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða skeri og komi flár upp úr sjánum að fjöru þá er þinur stendur grunn.”
 - Jónsbók segir „En það eru netlög yst er selnót stendur grunn tuttugu möskva djúp að fjöru og komi þá flár upp úr sjó”

Þessu hefur verið sleppt úr Jónsbókartexta núverandi lagasafns (án lagabreytinga).

Um stærð netlaga, frh.

- Í *Tilskipun um veiði á Íslandi*, 20. júní 1849, segir í 3. gr.
- *Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma [eða 115 metra] frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans.*
- Í 21. gr. og jafnframt síðustu grein veiðitilskipunarinnar er þetta nánar útskýrt:
- „Með þessari tilskipun er allt það af tekið, sem lög hafa verið hingað til um fuglveiði og dýraveiði og selveiði, **en allar greinar laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um kvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.**“

Grein nr. 21. í lögnum frá 20. júní 1849 var feld út með lögnum nr. 116/1990.

Um stærð netlaga, frh.

- Í Þingbókum alþingis frá 1847 til 1849 má lesa umræður þingmanna um frumvarp veiðitilskipunarinnar frá 1849. Þar kemur meðal annars fram mjög skýrt að stuðst er við þýðingu úr dönskum lögum og að danska orðið „**Jagt**“ vefst fyrir mönnum þar sem það þýðir í Danmörku veiðar á fuglum og dýrum en **ekki fiskum**, en íslenska orðið veiði þýðir allar veiðar þ.e. bæði fugla, dýra og fiskveiðar. Einmitt vegna þessa var ákveðið að bæta við 21. gr. til þess að taka af allan vafa um að veiðitilskipunin frá 20. júní 1849 gildi alls ekki um fiskveiðar í netlögum og að þar sé Jónsbók enn í fullu gildi. Þar með verður stærð netlaga varðandi fiskveiðar að miðast við dýpt.

Um stærð netlaga, frh.

- Skúli Magnússon lektor við lagadeild Háskóla Íslands vann í september árið 2001 álit að beiðni nefndar um enduskoðun laga um stjórn fiskveiða, um stjórnskipulega vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða.

Í álit Skúla á bls. 8 stendur eftirfarandi:

- „Samkvæmt framangreindu er ótvírætt að við ákvörðun netlaga með hliðsjón af fiskveiðirétti landeiganda **ber að miða við dýptarreglu Jónsbókar, en ekki fjarlægðarreglu veiðitilskipunarinnar og síðari laga.** Hvað varðar ýmis önnur mikilvæg réttindi landeiganda innan netlaga gildir hins vegar almennt reglan um 115 metra frá stórstraumsfjörumáli. **Samkvæmt framangreindu ber að afmarka netlög sjávarjarðar með hliðsjón af fiskveiðirétti samkvæmt reglu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.**”

Um stærð netlaga frh.

- Fjarlægðarreglan er skýr 60 faðmar (115 metrar) frá stórstraumsfjörumáli.
- Hvað með dýptarviðmiðið?
- Páll Vídalín lögmaður (1667-1727) segist hafa lesið ýmis Jónsbókarhandrit sem virðast hafa verið frá fyrri hluta 16. aldar. Ofangreint ákvæði 2. kafla rekabálks hljóðar á einum stað þannig: „það eru netlög utarst, er selnet stendur grunn 20 möskva djúp að fjöru sjóar, og koma þá flár uppúr sjó, en það er 12 álna djúp að fjöru.“
- Í öðru handriti stendur eftirfarandi: „þat eru netlög utaz, er selnót stendur grunn 20 möskva djúp ath fjöru, oc komi þá flár uppúr sjó, þat er fjöggra faðma djúp.“ Í þessum handritum eru m.ö.o. hagnýt innskot sem segir annars vegar „það er 12 álna að fjöru“ og hins vegar „þat er 4 faðma djúp“. Þar sem þetta er sama dýpt útskýrir Páll mismuninn með að skrifarinn hafi látið sér á sama standa hvort hann sagði „12 álnir“ eða „4 faðmar“.

Um stærð netlaga frh.

- Páll Vídalín segir að lokum: „Nú bið eg menn taki selanót 20 möskva djúpa, og skal hún gjöra það satt, að 12 álnir vorra tíma sé það djúp, er hún standi grunn; eg hafi það mælt á 5 möskvum og 3ja álna hæð á þurru lopti, og svo á 6 álnum vorum og 10 möskva djúpri nót, og felld svo netið, að möskvinn standi ferskeyttur, sem lagnet eiga að gjöra.”
- Af þessu er augljóst að menn á 16. öld höfðu tekið upp hagnýt dýptarmál við ákvörðun netlaga sem samsvaraði hinu formlega ákvæði Jónsbókar (og Grágásar), þ.e. mælt dýptina með lóði. Páll lögmaður segir skýrt að þessar 12 álnir eru „þessa dags alin“ og „vorra tíma alin“, nánar tiltekið hamborgaralínin, og dýptin þá $(57,3 \text{ cm} \times 12 =)$ **6,88 m**. Málfaðmadæmi Páls gefur $(57,3 \times 13 =)$ **7,45 m**. Í heild þýðir þetta þó að ystu mörk netlaga skv. Jónsbók og Grágás er við 7 m dýpi á stórstraumsfjöru. (*Dr. Ole Lindquist, 9. mars 2009*).

Um stærð netlaga frh.

- **Niðurstaða.**
 - Eftir stendur að augljóst er að miða á fiskveiðar í netlögum við dýptarviðmiðið. Skilgreining Páls Vídalín um dýpt selneta annað hvort 4 faðmar eða 12-13 álnir er það viðmið sem á að nota. Þar sem það er á milli 6,88 m og 7,45 m ber að miða við ítrustu mörkin eða 7,45 metra þegar verið er að skipuleggja strandsvæði með tilliti til notkunar, þannig að það skarist ekki á við eignarrétt sjávarjarða.



Arnarfjörður 10 m dýpislína og netlög - drög

Þetta kort er unnið af sjómælingasvið Landhelgisgæslu Íslands,
upp úr gögnum frá þeim, ásamt gögnum frá Hafrannsóknarstofnun.
Strandlína er fengin frá Landmælingum Íslands.
Kortið sýnir 10 m jafndýptarlínu í Arnarfirði ásamt
línu sem dregin er u.þ.b. 115 m frá strandlínu.
NBF/ÁPV 06.10. 2012

Blár flötur: 0 - 10 m dýpi
Ljósblá lína: 10 m jafndýptarlína
Dökkblá lína: Áætluð 10 m jafndýptarlína
Rauð lína: U.þ.b. 115 m frá dreginni strandlínu.

0 100 200 300 400

Samtök eigenda sjávarjarða. WWW.SES.is

Staðreyndir

- Eignarréttur sjávarjarða er stjórnarskrárvarinn.
- Alþingismenn hafa svarið eið að stjórnarskránni og þar með um leið að eignarrétti sjávarjarða.
- Mannréttindadómstóll Evrópu segir í áliti sínu um málið 2. des. 2008: *„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.*
- Eiríkur Tómasson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands sagði í svari við spurningu formanns nefndar um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu: *Formaður (Guðbjartur Hannesson) spyr (7. fundur, 19. febrúar 2010): hvernig langtímaafnotaréttur hefur verið skilgreindur og hvort hugmyndir úr annarri auðlindalöggjöf séu yfirfæranlegar á fiskveiðilöggjöfina m.t.t. afnotaréttar. Eiríkur Tómasson sagði netlög skapa eignarrétt, en ríkið má samt sem áður setja skilyrði um veiðar innan þeirra. Ef þessi réttur yrði innkallaður til ríkisins þyrfti að greiða fullt verð fyrir.*

Staðreyndir, frh.

- Samkvæmt skilgreiningum eignarréttarsérfræðinga, m.a. Gauks Jörundssonar, fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, kemur fram að vatn (sjór) sem yfir landi liggur telst til fasteignarinnar og er því sjórinn í netlögum eign viðkomandi jarðar. Vatn og sjór (þ.m.t. lífríkið) er á hreyfingu milli innra og ytra svæðis og því er um óskipta sameign að ræða.

Staðreyndir, frh.

- LÍÚ og Landsamband smábátæigenda fá hvort um sig um 40 miljónir króna á ári úr ríkissjóði. Þetta framlag fá þeir samkvæmt 24 ára gömlum lögum þó svo að þeir eigi ekkert í auðlindinni. Samtök eigenda sjávarjarða fá ekkert framlag úr ríkissjóði þó svo að þeir eigi hlutdeild í auðlindinni.
- Auk þess er öðrum heimilað að nota eignina en eigendunum sjálfum bannað að nota hana.
- Eigendur sjávarjarða hafa í yfir 20 ár barist málefnalega fyrir réttindum sínum fyrir daufum eyrum yfirvalda, sem jafna má við valdniðslu.
- Það verður ekki hægt að skipuleggja strandsvæði Íslands án aðkomu og samvinnu við eigendur sjávarjarða.

Tillaga SES að lausn

- Að 10 metra dýptarlínan á sjókortum Landmælinga Íslands verði notuð sem viðmiðun dýptarákvæðis Jónsbókar og þar með sem landamerki jarða til sjávarins. (10 m er meðaldýpi)
- Að heimræði/útræði verði virtur eignarréttur og heimilað að nýta hann að nýju.
 - Stærð báta og útbúnaður ákveðinn í samráði við SES.
 - Veiðitímabil og fjöldi manna við veiðarnar verði ákveðið í samráði við SES.
- Að 2% af aflaverðmæti þessara veiða renni til SES.
- Að sjávarjarðir, sem löglegir eigendur að sjávarauðlindinni fái hlutdeild í auðlindagjaldi.
- Að SES fái sambærilegann styrk og LÍÚ og Landssamband smábátaeigenda, til að reka sín mál.



Takk fyrir

5. maí 2015

Nefndarsvið Alþingis

Alþingi við Austurvöll

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld, mál 692.

Vísað er til erindis frá atvinnuveganefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar Samtaka fjármálafyrirtækja um ofangreint frumvarp.

Samtök fjármálafyrirtækja hafa á undanförunum árum veitt umsagnir um frumvörp um veiðigjöld. Afstaða Samtakanna er að veiðigjöld séu eðlilegur þáttur í þeirri umgjörð sem sjávarútvegi séu sköpuð en miklu skipti að þau séu hófleg, standist til lengri tíma og raski ekki rekstrargrundvelli atvinnugreinarinnar. Þá er einnig mikilvægt að gjaldstofn veiðigjaldsins taki með sanngjörnum hætti tillit til mismunandi afraksturs af einstökum fisktegundum, veiðum og vinnslu. Annars er hætta á veiðigjaldið skekki rekstur greinarinnar og leiði til breytinga á starfsemi hennar sem ella hefðu ekki orðið. Sjávarútvegur, veiðar og vinnsla eru meðal mikilvægustu atvinnugreina þjóðarinnar og í mörgum byggðum landsins grunnstoð atvinnulífsins. Varhugavert er að leika sér í ógáti með slíkt fjöregg.

Efnislega felst frumvarpið í því að aðgreindur hreinn hagnaður botn- og uppsjávarfisks fyrir skatt verður gjaldstofn veiðigjalds, *reiknigrunnur*, að viðbættum hluta hreins hagnaðar í vinnslu þessara megingtegunda í söltun, herslu, ferskvinnslu og landfrystingu. Byggt verður á skýrslu Hagstofu Íslands sem unnin er á grundvelli skattframtala. *Veiðigjald* er ákveðið sem 35% reiknigrunni beggja megingtegunda. Veiðigjaldinu er jafnað niður á einstakar tegundir samvæmt *afkomuígildum* einstakra tegunda. Sett eru tvenns konar gólf á veiðigjaldið miðað við kíló óslægðs afla. Annars vegar getur það aldrei orðið lægra en sem nemur 5kr/kg á hvert afkomuígildi þorsk. Hins vegar getur það á einstökum tegundum aldrei orðið lægra en 1 kr/kg. Sérstakt álag, 10 kr./kg er lagt á makrílveiðar. Sérstakur afsláttur er á veiðigjaldi fyrir minnstu fyrirtækin (veiðigjald í heild undir 1 m.kr.) og vegna kvótakaupa. Afsláttur vegna kvótakaupa heimilar að vaxtakostnaður vegna kvótakaupa, séu vaxtaberandi skuldir umfram ákveðið mark, 4% af ófyrnanlegum eignum (kvóti), lækki veiðigjald beint, þó að hámarki 4% af virði ófyrnanlegra eigna. Með frumvarpinu er þessi lækkun helminguð tímabundið frá og með fiskveiðiárinu 2015/16.

Fyrirliggjandi frumvarp er ýmsum annmörkum háð með tilliti þeirra grunnsjónarmiða sem eru fram hér að ofan:

- Vonbrigði að vinna við gerð nýs veiðigjaldskerfis hefur ekki skilað árangri:** Í meginatriðum felst frumvarpið í því að festa í sessi til þriggja ára bráðabirgðafyrirkomulag sem ákveðið var fyrst sumarið 2013, meðan áformað var að vinna að frekar að athugunum á útfærslu og grundvelli veiðigjalda. Með frumvarpinu er þeirri vinnu ýtt út af borðinu. Í þessu felst uppgjöf gagnvart verkefninu. Bráðabirgðafyrirkomulagið frá 2013 fólst í raun í því að veiðigjaldið var fremur ákvarðað með hliðsjón af þeim tekjum sem því var ætlað að skila og skammtímamati á gjaldþoli greinarinnar fremur en það væri traustur grundvöllur til framtíðar við álagningu veiðigjalda.
- Hreinn hagnaður er ekki góður mælikvarði til að verðleggja aðgang að fiskistofnum:** Við útreikning á hreinum hagnaði er búið að draga frá afskriftir og vexti frá framlegð. Það felur með sér að kostnaður vegna allra skulda og fjárfestinga sem stofnað er til er dreginn frá gjaldstofninum. Þetta getur hvatt til fjárfestinga og leitt til offjárfestingar, jafnvel fjárfestinga í óskyldum rekstri. Þá er hreinn hagnaður mjög líkur gjaldstofn og tekjuskattsstofninn. Munurinn liggur fyrst og fremst í uppsöfnuðu yfirfæranlegu tapi frá fyrri árum. Veiðigjaldið er því farið að líkjast viðbótartekjuskatti.
- Veiðigjöld þarf að ákvarða þannig að þau standist til lengri tíma:** Ekki liggur fyrir hver áhrif þess veiðigjalds sem lagt er til með frumvarpinu verði á fjárhagsstöðu sjávarútvegs til lengri tíma. Ljóst er að afkoma sjávarútvegs hefur verið góð undanfarin ár. Meginskýring þess er að raungengi íslensku krónunnar hefur verið lágt eftir efnahagsáfallið 2008, og verulega lægra en það hefur að jafnaði verið undanfarna áratugi. Það gerir það að verkum að samkeppnisskilyrði í sjávarútvegi hafa verið góð á undanförunum árum. Reynslan sýnir að þegar frá efnahagsáföllum líður leitar raungengi aftur upp. Sögulegar tölur sýna að raungengi sveiflast með hagsveiflunni, leitar upp í uppsveiflunni og niður með niðursveiflunni. Þessa sér þegar merki þar sem raungengi krónunnar er farið að leita upp á við. Engar athuganir eða greiningar fylgja frumvarpinu hvaða áhrif fyrirhugað veiðigjald hefur á eigið fé sjávarútvegs þegar litið er til lengri tíma. Nauðsynlegt að við ákvörðun veiðigjalda liggja fyrir athugun til langs tíma þar sem þessir þættir eru skoðaðir. Rangt ákvarðað veiðigjald getur leitt til þess að eiginfjárstaða greinarinnar rýrnar. Það þarf að forðast.
- Veiðigjöld þarf að ákvarða þannig að gjaldtaka að mismunandi tegundum og veiðum sé sanngjörn og standist til lengri tíma:** Veiðar ólíkra tegunda eru mismunandi arðbærar, bæði á hverjum tíma og frá einum tíma til annars. Sama gildir um mismunandi veiðar eða veiðafæri. Heildarmælikvarðar eins miðað er við í frumvarpinu, þ.e. afkoma botnfisk- og uppjávafiskveiða í heild taka ekki tillit til þessara þátta. Að vísu er veruleg bragarbót gerð með frumvarpinu þegar lagt er til að stað þess að útjafna veiðigjaldi milli tegunda eftir *þorskígildisstuðlum* sem miðuðust hlutfall þorskerfis og annarra tegunda verði notast við hlutfallslega framlegð af þorskveiðum og veiðum annarra tegunda til að meta *afkomuígildi*. Framlegðarhugtakið tekur ekkert tillit til fjárbindingar í rekstri fyrirtækjanna og því er vöxtum og afskriftum alfarið sleppt við útreikning *afkomuígilda*. Þá virðist mótsagnakennt að nota framlegð til að meta *afkomuígildi* en hreinan hagnað sem *reiknigrunn* við ákvörðun *veiðigjalds*. Annað hvort eða hvorugt væri réttara. Meginatriðið er þó að *veiðigjald* sem ákveðið er á grundvelli heildarafkomu greinarinnar, þrátt fyrir að því sé skipt niður með einhverskonar afkomustuðlum einstakra tegunda, er ólíklegt til að hitta í mark og vera sanngjarnt eða eðlilegt. Engar athuganir eða greiningar fylgja frumvarpinu um afkomu veiða einstakra fisktegunda að teknu tilliti til veiðigjaldsins. Sama gildir um áhrif á útgerðarfyrirtæki í mismunandi veiðum eða mismunandi blöndum af veiðum og vinnslu. Þá eru

engar athuganir í greinargerð frumvarpsins á áhrifum gjaldsins á lítil, meðalstór eða stærri fyrirtæki. Loks eru engar athuganir gerðar á á áhrifum veiðigjaldsins á einstök byggðalög. Alla þessi þætti þarf að skoða til lengri tíma til að tryggja að hliðaráhrif á veiðigjaldinu verði innan ásættanlegra marka.

5. **Afsláttur á veiðigjaldi vegna kvótakaupa virðist þurfa nánari skoðun:** Í bráðabirgðákvæði II í lögum um veiðigjöld 74/2012 er útgerðum heimilað að draga þann hluta vaxtagjalda sem telja má til skulda vegna kvótakaupa frá veiðigjaldinu að ákveðnu hámarki eftir tilteknum reglum. Í frumvarpinu er lagt til að þessi frádráttur verði helmingaður frá og með næsta fiskveiðiári (20015/16). Engir útreikningar fylgja þessari tillögu til skýringar, en í almennum athugasemdum frumvarpsins kemur fram að þessi frádráttarliður hafi orðið stærri en reiknað var með. Í raun ætti stærð eða smæð frádráttarliðarins ekki skipta máli svo fremi sem hann er rétt hugsaður. Rétt er að vekja athygli á að vextir vegna kvótakaupa eru dregnir frá þegar *reiknigrunnur* er ákvarðaður (hreinn hagnaður). Bráðabirgðákvæði II heimilar þeim fyrirtækjum sem bera vaxtagjöld af þessu tagi að draga þau (aftur) frá veiðigjaldi. Í fljótu bragði virðist sem ekki sé búið að hugsa þetta mál til enda og það þarfnist nánari athugunar.

Samtök fjármálafyrirtækja leggja að til í stað þess að frumvarpið verði lögfest þá verði núverandi bráðabirgðafyrirkomulag framlengt um eitt ár eða gildistími ákvæða þessa frumvarp stytur í eitt ár. Í ljósi þess að nýtt fyrirkomulag á afkomuígildum er til bóta væri kostur að þau verði innleidd sem fyrst. Tíminn sem gefst með þessu verði nýttur til að ljúka undirbúningu að lagasetningu með vönduðum hætti í samráði við sem flesta haghafa í málinu.

Virðingarfyllst,



Yngvi Örn Kristinsson

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2015

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012 (veiðigjald 2015-2018), 692 mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012 (veiðigjöld 2015-2018), þskj. 1166 - 692. mál.

Sjávarútvegurinn er útflutningsgrein og velgengni hans byggir á því að standast alþjóðlega samkeppni um gæði, vöruþróun, nýsköpun, markaðssókn, fjárfestingar, vöruverð og kostnað. Beint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu var um 10% árið 2013. Hlutfall veiða var 6,3% og hlutfall vinnslu 3,7%, en beint framlag sjávarútvegsins til landsframleiðslu síðastliðin 10 ár er um 8,5%. Í sjávarútvegi starfa um 9.000 manns við veiðar og vinnslu. Óbeint framlag sjávarútvegs er talsvert umfangsmeira og er áætlað að fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi beint og óbeint standi undir um 25-30% landsframleiðslunnar.

Á fiskveiðiárinu 2013/2014 voru greidd veiðigjöld að fjárhæð 9,2 milljarðar króna. Áætluð veiðigjöld fiskveiðiársins 2014/2015 eru 8,9 milljarðar króna en samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi verði veiðigjald á fiskveiðiárinu 2015/2016 um 10,8 milljarðar króna, fyrir utan sérstakt veiðigjald á makríl, sem ætla má að hækki heildarfjárhæð veiðigjalds í 12,3 milljarða króna.

Íslenskur sjávarútvegur verður að þróast og vera áfram í fremstu röð, en með vaxandi og óhóflegri skattheimtu er augljóst að tekjur hans munu dragast saman og framlegð minnka. Þetta mun hafa neikvæð áhrif á afkomu þjóðarbúsins sem treystir á sjávarútveginn sem eina af grunnstoðum sínum.

Samtökin eru í meginatriðum ósammála efni frumvarpsins og telja það hafa neikvæð áhrif á hagsmuni sjávarútvegsins og þar með landsmanna til lengri og skemmri tíma. Í frumvarpinu er enn slegið á frest umræðu um sanngjörn og raunhæf auðlindagjöld, en á meðan byggt upp flókið, ógagnsætt, ósanngjarnt og skaðlegt kerfi sem skapar bæði efnahagslega og lagalega óvissu. Lýsa samtökin yfir vonbrigðum með það metnaðarleysi sem frumvarpið lýsir gagnvart afkomu greinarinnar og um leið grunnstoð íslensks efnahagslífs.

Samtökin mótmæla vinnubrögðum við samningu frumvarpsins og skora á Alþingi að beita sér fyrir vandaðri endurskoðun laga um veiðigjöld í samstarfi stjórnvalda og atvinnugreinarinnar. Markmið frumvarpsins er aðallega að auka skattheimtuna, án þess að skoða hverjar afleiðingar kunna að verða til framtíðar.

Samtökin leggja til að frumvarpið nái ekki fram að ganga í óbreyttri mynd og skora á stjórnvöld að hefja undirbúning kerfis um álagningu og greiðslu sanngjarns og hóflegs auðlindagjalds.

Auðlindarenta

Umræður um veiðigjöld á sjávarútveginn hafa staðið um langt árabil og hafa miðað að því að setja lög sem tryggi að innheimt verði gjald af veiðum nytjastofna við Ísland eða svokallaðri auðlindarentu. Auðlindarenta felur samkvæmt skilgreiningu Auðlindanefndar frá árinu 2000 í sér að tilteknir aðilar sem hafa aðgang að nýtingu auðlinda umfram aðra geti með þessum sérstaka aðgangi skapað arð af starfsemi sinni sem er umfram það sem mögulegt er í öðrum atvinnugreinum. Í skýrslunni segir:

„Fram hafa komið tillögur um að skattleggja þennan arð sérstaklega, þar sem hann hafi orðið til vegna aðgerða ríkisins. Fyrir slíkri skattlagningu eru færð tvenns konar rök. Í fyrsta lagi er höfðað til réttlætissjónarmiða um að allir eða samfélagið í heild eigi rétt á að njóta þeirra gæða sem þannig hafa orðið til, en ekki aðeins þeir sem stunduðu útgerð á tilteknum tíma. Í öðru lagi er því haldið fram að hagkvæmt sé að skattleggja auðlindarentu í stað annarra skatta þar sem slík skattlagning sé hlutlaus og dragi ekki úr hvatningu til verðmætasköpunar eins og t.d. tekjuskattur geri.“

Í beinu framhaldi af þessum orðum bendir Auðlindanefnd á að andstaða við gjalddöku hefur m.a. byggst á ótta við að hún yrði sjávarútveginum:

„... of þungbær, dragi úr fjárfestingu, ríði mörgum fyrirtækjum, einkum í dreifbýli, að fullu og stuðli að samþjöppun í greininni. Auk þess hefur verið bent á óskilvirkni ríkisins miðað við einkaaðila og skekkingaráhrif auðlindagjalda. Einnig hefur verið á það bent að gjalddaka gæti dregið úr hvatningu til nýsköpunar og góðrar umgengni um auðlindina og sé óréttlát gagnvart þeim sem nýlega hafa fest kaup á kvóta.“

Í frumvarpinu er tilvísunum til auðlindarentu sérstaklega eytt úr gildandi lögum án skýringar. Verður að ætla að með þessu sé lagt til að grundvöllur sérstakrar skattheimtu á sjávarútveginn byggji á einhverju öðru en tilraun laga nr. 74/2012 um veiðigjöld til að nálgast auðlindarentu. Þetta er grundvallar stefnubreytingu sem kallar á skýringar á því hvað hafi breyst og hvað réttlæti að mati stjórnvalda slíka skattheimtu ef ekki auðlindarenta.

Í frumvarpinu er ekki reynt að meta áhrif veiðigjalda á sjávarútveginn sem atvinnugrein, hvað þá á einstök byggðarlög eða útgerðir. Það er sérstaklega varhugavert þegar frumvarpið byggir ekki lengur á að innheimta skatt sem grundvallist á auðlindarentu. Í raun hefur verið gefist upp við að skilgreina og skattleggja svokallaða auðlindarentu og nú á álagning veiðigjalds að byggja á tölfræðilegu úrtaki Hagstofu Íslands, *Hag veiða og vinnslu*.

Frumvarpið felur í sér að sú skýra framtíðarsýn sem óskað er eftir er frestað enn um sinn og skilur eftir eina aðalútlutningsgrein þjóðarinnar í mikilli óvissu sem leggst ofan á þann mikla óstöðugleika sem nú ríkir á alþjóðlegum mörkuðum. Festa og stöðugleiki til langs tíma eru alltaf heillavænlegust til nýtingar auðlinda og fjárfreks atvinnureksturs sem stór hluti samfélagsins byggir afkomu sína á.

Reiknigrunnur veiðigjalds (skattstofn veiðigjalds)

Reiknigrunnur veiðigjalds, eða skattstofn veiðigjalds, felur í sér að miða skuli við gamlar upplýsingar sem Hagstofan birtir í riti sínu *Hagur veiða og vinnslu*. Þessar upplýsingar eru að jafnaði ekki yngri en tveggja ára og ná ekki að endurspegla miklar breytingar í sjávarútvegi sem geta orðið á skömmum tíma. Í *Hagi veiða og vinnslu* frá mars 2015 er stuðst við reiknigrunn frá árinu 2013. Eigendur fiskiskipa munu greiða veiðigjald á fiskveiðiárinu 2015/16 vegna hreins hagnaðar (EBT) ársins 2013. Hér er verið að kveða á um afturvirkni skattaálagningar sem stenst ekki ákvæði stjórnarskrárinnar skv. 2. mgr. 77. gr., þar sem afturvirkni er bönnuð. Rökstuðningur um annað í frumvarpinu er haldlaus ekki síst í ljósi þess að svo virðist sem fallið hafi verið frá skattlagningu svokallaðrar auðlindarentu.

Tölur eru í milljörðum króna	2012	2013	hækkun / (lækkun)
Tekjur alls á skilaverði	164	157	-4%
Framlegð (EBITDA)	41	32	-23%
Hreinn hagnaður (EBT)	22	28	27%

Tafla 1-Heimild: Hagstofa

Í töflu 1 má sjá að hreinn hagnaður í fiskveiðum á milli ára hefur hækkað um 27% eða 6 milljarða króna. Hins vegar er bent á að framlegð rekstrar (EBITDA) hefur lækkað um 23% eða 9,5 milljarða króna og tekjur lækkað um 7 milljarða króna. Það er einkar mikilvægt að horfa á báðar stærðir, bæði hreinan hagnað (EBT) og framlegð rekstrar (EBITDA) þegar metin eru áhrif hærri veiðigjalda. Það er lykilatriði að álagðir skattar taki raunverulega mið af stöðu fyrirtækja og atvinnugreinarinnar hverju sinni.

Hagstofa Íslands sagði í umsögn sinni við frumvarp til laga um veiðigjöld nr. 74/2012, að meginverkefni Hagstofunnar væri að útbúa tölfræðigögn, en ekki að útbúa gögn fyrir skattlagningu. Þannig ræðst reiknigrunnur veiðigjalds og þar

með skattstofn veiðigjalds í frumvarpinu af margvíslegum óvissuþáttum og tölfræðilíkönum, sem seint munu uppfylla kröfur stjórnarskrárinnar um skýrleika skattlagningarheimilda og bann við framsali skattlagningarvalds.

Í skýrslu Hagstofunnar um *Hag veiða og vinnslu* frá 17. mars 2015 segir á bls. 2 að hagnaðurinn í vinnslunni sé hærri en hann ætti að vera sem nemur 8-9 milljörðum króna vegna aðferðafræði Hagstofunnar við gerð útreikninga sem tengjast sjávarútvegi. Í skýrslunni segir:

„Hagstofan byggir niðurstöður sínar á úrtaki en ekki heild og því gæti verið að uppblásturinn verði til þess að hagnaður í krónum talið reiknist of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu og er í heildarniðurstöðum.“

Áhrif fjárhæðarinnar við ákvörðun veiðigjalds nema 35% af 20% af áður nefndu 8-9 milljarða króna ofmati. Það væru þá frá 560 til 630 milljónir króna í veiðigjald hið minnsta, sem nauðsynlegt er að leiðrétt verði.

Samtökin mótmæla að hluti reiknigrunnns veiðigjalds (skattstofn veiðigjalds) sé tengdur afkomu í fiskvinnslu. Frumvarpið kveður skýrt á í 6. gr. að það séu eigendur íslenskra fiskiskipa sem stunda veiðar á nytjastofnum sjávar sem skulu greiða veiðigjald, en ekki vegna fiskvinnslu.

Fiskvinnslan hefur greitt fyrir afla að verðmæti 130 milljarða króna á árinu 2013 samkvæmt *Hag veiða og vinnslu*. Hluti afkomu fiskvinnslunnar byggir einnig á kaupum á afla frá erlendum skipum. Afkoma fiskvinnslunnar á því ekki að mynda grunn til skattstofns veiðigjalds.

Þetta er sérstaklega slæmt fyrir útgerðir sem ekki reka fiskvinnslu og skekkir samkeppnishæfni útgerðanna því að verið er að skattleggja þær vegna virðisauka í annari atvinnugrein. Ætlunin er að leggja 35% skatt á útgerðarhluta fyrirtækjanna, og að auki 7% skatt af afkomu fiskvinnslunnar sem útgerðinni er ætla að greiða, sbr. sundurliðun í töflu 2. Fyrirtæki sem reka ekki fiskvinnslu og falla undir meðaltal rekstrarniðurstöðu greinarinnar greiða þannig allt að 54% ígildi tekjuskatts skv. frumvarpinu (þegar tekið hefur verið tillit til að veiðigjald lækkar tekjuskattstofn).

Álagt skatthlutfall

Af hagnaði útgerðar	35%
Af hagnaði fiskvinnslu	7%
Tekjuskattur	20%

Tafla 2-Heimild: Frumvarp til laga um veiðigjald

Þannig er lögð á óhófleg skattbyrði á fyrirtæki í sjávarútvegi og langt umfram aðrar atvinnugreinar sem byggja afkomu sína á að nýtingu auðlinda landsins.

Afkomustuðlar

Samtökin telja jákvætt að nota afkomuígildi fiskistofna þar sem tekið er tillit til breytilegs kostnaðar í stað þorskígildisstuðla. Tekið skal fram að hér er þó aðeins um grófa meðaltalsnálgun að ræða, sem þarf að þróa áfram.

Afkomustuðlarnir endurspeglar aðallega stærstu fiskistofnana. Þeir duga aftur á móti ekki nægilega vel til að meta sanngjarna framlegð annarra fiskistofna. Meðaltalsnálgun frumvarpsins við dreifingu veiðigjalds felur þannig í sér mismunun á skattbyrði margra fyrirtækja í sjávarútvegi, en þau eru fjölbreytt og rekstrareiningarnar mismunandi.

Áhrif skattlagningar veiðigjalds

Á fiskveiðiárinu 2013/14 greiddu 1.128 fyrirtæki 9,2 milljarða króna í veiðigjöldsamkvæmt vef Fiskistofu. Þau voru á 83 mismunandi stöðum um landið. Fyrirtæki á landsbyggðinni greiddu tæplega 6,9 milljarða króna í veiðigjöld fiskveiðiárið 2013/14 sem nemur 75% af greiddum veiðigjöldum. Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu greiddu um 2,3 milljarða króna eða um 25% greiddra veiðigjalda. Veiðigjald er þungur landsbyggðarskattur.

Skattheimtan sem hófst með lögum nr. 74/2012 hefur haft íþyngjandi áhrif á fyrirtæki í sjávarútvegi og samkeppnisstöðu þeirra um land allt. Veiðigjaldið og álagning þess vinnur gegn stöðugu og hagstæðu rekstrarumhverfi fyrirtækjanna, sem er skilyrði þess að atvinnugreinin geti keppt í vaxandi samkeppni á erlendum mörkuðum og skapað ásættanlegan arð.

Aukaveiðigjald á makríl

Samtökin mótmæla því eindregið að lagt sé viðbótarveiðigjald á makríl. Engin rök eru til þess að skattleggja makríl aukalega um 10 kr./kg.

Makrílveiðar munu samkvæmt útreikningum veiðigjaldanefndar skila um 5,5 milljörðum króna á næsta fiskveiðiári í reiknaða framlegð samkvæmt framlegðarskilgreiningu veiðigjaldanefndar. Áætluð veiðigjöld vegna makrils á næsta fiskveiðiári eru áætlaðir 3 milljarðar króna. Því renna 55% af reiknaðri framlegð makrils samkvæmt forsendum veiðigjaldanefndar í veiðigjöld. Með þessu aukagjaldi á makríl er dregið verulega úr hvata fyrirtækja til að sinna makrílveiðum.

Samtökin mótmæla því að tryggja eigi sérstaka aukaálagningu á makríl til ársins 2020, þvert á fyrirmæli 11. gr. frumvarpsins um að lög um veiðigjald skuli falla úr gildi 31. desember 2018.


Hækkun veiðigjalds á botnfisk

Samtökin benda á að meginhækkun veiðigjalds á milli ára leggst á botnfiskveiðar og vinnslu. Þannig hefur þróun verðmætis í þorski haft mikil áhrif á hækkun veiðigjaldsins en uppsjávartegundir standa nokkuð í stað.

Mikil hækkun veiðigjalds kemur sérstaklega illa við fyrirtæki sem stunda botnfiskveiðar og vinnslu. Til að mynda hækkar veiðigjald á slægðum þorski um 53% á milli ára. Þorskur er langmikilvægasta fiskitegundin og afkoma fyrirtækja og byggðarlaga er verulega háð afkomu í þorskveiðum. Augljóst er að skattar á fyrirtækin muni hækka verulega.

Mörg fyrirtækjanna hafa lagt út í kostnað og skuldbindingar, svo sem við endurnýjun skipastóls og búnaðar í landvinnslu. Fyrirtækin réðust í umræddar fjárfestingar m.a. í trausti fyrirheita núverandi ríkisstjórnar „um að skapa skilyrði til endurnýjunar með aukna verðmætasköpun og hagsmuni og öryggi starfsfólks í huga“, eins og segir í stefnuyfirlýsingu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks frá árinu 2013.

Frá fiskveiðiárinu 2003/2004 hefur fyrirtækjum sem fengið hafa úthlutaðar aflaheimildir í þorski fækkað um 48% eða um 371 fyrirtæki eins og mynd 1 hér að neðan sýnir:



Mynd 1- Heimild: Fiskistofa, Samgöngustofa

Á síðastliðnum tólf fiskveiðiárum hefur útgerðum fækkað á öllum landsvæðum. Tímabilið frá fiskveiðiárinu 2004/05 til 2007/08 var sérstaklega erfitt, þar sem þorskstofninn var í algjöru lágmarki. Þrátt fyrir að úthlutað magn hafi aukist í kjölfarið heldur fækkun fyrirtækja áfram. Hækkun veiðigjaldsins ýtir enn frekar undir samþjöppunina.

Landssvæði	Fiskveiðiár 2003/04	Fiskveiðiár 2014/15	Fækkun	Fækkun í %
Austurland	119	52	67	56%
Höfuðborgarsvæði	127	59	68	54%
Norðurland	155	83	72	46%
Suðurland	50	28	22	44%
Suðurnes	78	48	30	38%
Vestfirðir	130	57	73	56%
Vesturland	120	81	39	33%
Samtals	779	408	371	48%

Tafla 3-Heimild: Fiskistofa, Samgöngustofa
Fjöldi fyrirtækja sem fær úthlutað aflamark í þorski

Samkeppnishæfni sjávarútvegsins í hættu

Hækkun veiðigjalds dregur úr samkeppnishæfni sjávarútvegsins á erlendum mörkuðum. Fiskur er fluttur út til yfir 70 landa og greinin stendur í harðri alþjóðlegri samkeppni við aðrar fiskveiðiþjóðir og ekki síst annan matvælaíðnað eins og alifugla- og kjötframleiðslu. Íslensk fyrirtæki eru stærstu söluaðilar þorsks í Bretlandi með um 30% markaðshlutdeild skv. tölum bresku Hagstofunnar. Norðmenn koma skammt á eftir með um fimmtungs hlutdeild. Í Noregi eru ekki greidd veiðigjöld heldur útflutningsgjald sem greinin fær svo að nýta til að efla samkeppnisstöðu sína og markaðshlutdeild. Viðvarandi íþyngjandi álagning veiðigjalda á íslenskan sjávarútveg dregur úr samkeppnishæfni greinarinnar, þar sem svigrúm til rekstrar, nýfjárfestinga og sóknar á markaði verður minna en ella.

Augljóst er að Íslendingar búa ekki við sama svigrúm til fjárfestinga og Norðmenn. Meðalaldur stærstu skipanna er 22 ár í Noregi en 31 ár á Íslandi. Fyrirtæki í sjávarútvegi hafa nýverið gert samninga um smíði nýrra skipa og fjárfestingar í landvinnslu með tilheyrandi lántöku og skuldbindingum. Þetta hafa þau m.a. gert í trausti þess að viðtæk sátt myndi nást um hóflegt veiðigjald og stöðugt rekstrarumhverfi greinarinnar.

Gögn frá 2013	Ár	Fjöldi*	Úthlutað þorskígildi**
Meðalaldur íslenskra skipa	31 ár	154	85%
Meðalaldur norskra skipa	22 ár	392	

Tafla 3-Heimild: Fiskistofa, Samgöngustofa, fiskerider.no

*öll skipin eru 21 m að lengd eða lengri

**úthlutun miðast við 2013/14

Aukin skattheimta á fyrirtæki í sjávarútvegi kallar á endurskoðun hlutskiptakerfis kjarasamninga sjómanna og útgerðarmanna. Nauðsynlegt er að endurskoða það sem getur leitt til alvarlegra átaka á vinnumarkaði. Kjarasamningar hafa verið lausir síðan í janúar 2011 og kjaraviðræðum var vísað til ríkissáttasemjara í maí 2012.

Samtökin fagna því að tekið hafi verið tillit til ábendinga samtakanna um að innheimta eigi veiðigjald eftir að tekna hefur verið aflað og þannig miðað við innheimtu veiðigjalds af lönduðum afla.

Athygli er vakin á því að afsláttur af veiðigjaldinu vegna vaxtakostnaðar kemur afar misjafnt niður á fyrirtækjunum og ætti sú mismunun að hverfa.

Samtökin telja að ekki beri að veita afslátt af veiðigjaldi þótt álagningin sé undir 1 milljón króna. Samkvæmt gögnum Fiskistofu voru þetta 919 aðilar á fiskveiðiárinu 2013/2014. Þessir aðilar eiga þá rétt á allt að 100.000 kr. afslætti sem eru um 92 mkr. í afslátt veiðigjalds á fiskveiðiárinu 2014/2015. Engin rök hníga til þess að gefa afslátt ef aðilar stunda fiskveiðar. Eðlilegt er að þeir greiði veiðigjöld eins og aðrir í greininni.


Niðurlag

Samtökin telja rétt og eðlilegt í ljósi ofangreindra athugasemda að frumvarpið verði dregið til baka og unnið í eðlilegu samráði og samvinnu við atvinnugreinina, til að tryggja sem bestu afkomu með stöðugu og öflugum rekstrarumhverfi sjávarútvegsins. Með frumvarpinu er gengið of langt í gjaldtöku sem mun hafa neikvæð áhrif á hag sjávarútvegsins og þjóðarbúsins til lengri tíma lítið.

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



f.h. Samtaka atvinnulífsins

SAMTÖK SJÁVARÚTVEGSSVEITARFÉLAGA

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. apríl 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld 2015–2018, 692. mál.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga vísa til fyrri umsagna um frumvörp til laga um veiðigjöld og tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum. Samtökin ítreka kröfu sína um að þau sveitarfélög sem þurfa að takast á við afleiðingar þeirrar hagræðingar sem af töku sérstaka veiðigjaldsins hlýst fái hlutdeild í gjaldinu. Sú krafa var einnig kynnt og rökstudd í bréfi til frambjóðenda fyrir síðustu Alþingiskosningar. Jafnframt hefur stjórn hitt og kynnt málstað sinn fyrir fjármálaráðherra og sjávarútvegsráðherra. Í ljósi þess þess kemur Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga á óvart að í fyrirliggjandi frumvarpi sé ekki gert ráð fyrir hlutdeild sveitarfélaga í þeim tekjum sem af sérstaka veiðigjaldinu hljóttast.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er lagt til að veiðigjöld verði ákveðin þrjú ár fram í tímann, sem er skiljanlegt og til hagsbóta fyrir jafnt útgerð og stjórnvöld að þekkja leikreglur til lengri tíma en eins árs í senn. Að óbreyttu mun frumvarpið leiða til þess að sveitarfélög fái ekki hlutdeild í veiðigjöld fyrir en í fyrsta lagi 2019. Það er algerlega óásættanlegt.

Í frumvarpinu felst auk þess breyting á innheimtu veiðigjalda sem mun leiða til hækkunar á heildarinnkomu um rúma 3 milljarða króna á ári. Á fundum með síðustu þremur fjármálaráðherrum hefur komið fram að Ríkissjóður megi illa við því að missa tekjur af veiðigjaldinu, að óbreyttu efnahagsástandi. Í ljósi þess leggja Samtök sjávarútvegssveitarfélaga til eftirfarandi breytingatillögu. Nánari rökstuðning má finna í fylgiskjali með umsögn þessari.

Tillaga:

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga leggja til að 80% af árlegri hækkun veiðigjalda á árunum 2015–2018 renni til sveitarfélaga, eða um 2,5 milljarðar árlega. Er þá miðað við hækkun frá innkomu ársins 2014. Áætlað er að 80% af hækkuninni nemi um 25% af árlegri heildarinnkomu vegna veiðigjalda. Frá og með árinu 2019 muni eigi minna en 25% af heildarinnkomu veiðigjaldanna renna til sveitarfélaga.

Lagt er til að tekjum sveitarfélaga af gjaldinu verði deilt út til sveitarfélaga eftir því hve háð þau eru veiðum og vinnslu sjávarafurða. Byggt verði á því hve miklum afla hefur verið landað í viðkomandi sveitarfélagi frá því að sérstaka veiðigjaldið var tekið upp og skráðum aflaheimildum í viðkomandi sveitarfélagi á sama tímabili. Jafnframt verði miðað við íbúafjölda í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins. Samtökin krefjast aðkomu að útfærslu slíkrar leiðar og hafa þegar lagt vinnu og hugsun í hvernig slík útfærsla geti litið út.

Rökstuðningur fyrir tillögu

Taka sérstaka veiðigjaldsins hefur haft margvísleg áhrif á sjávarútveginn og þar með sjávarbyggðir. Sú hagræðingarkrafa sem felst í töku þess hefur m.a. stuðlað að sameiningu fyrirtækja, fækkun skipa og fækkun starfa í sjávarútvegi. Fækkun starfa kallar síðan á fækkun íbúa í sjávarbyggðum með þekktum afleiðingum. Þannig má segja að sjávarbyggðir hafi golið fyrir þá mikilvægu hagræðingu sem orðið hefur í greininni. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga gera því kröfu til þess að þau sveitarfélög sem háð eru veiðum og vinnslu fái hluta sérstaka veiðigjaldsins til að bregðast við atvinnubresti og breytingum af völdum þeirrar hagræðingar sem af því hlýst.

Störfum í sjávarútvegi, við veiðar og vinnslu, hefur fækkað mjög undanfarna áratugi. Bæði er það vegna lagabreytinga sem hvetja til hagræðingar s.s. við upptöku kvótakerfis, og vegna nýrrar tækni og þekkingar. Í skýrslu Íslandsbanka um Íslenska sjávarútveginn frá árinu 2013 kemur fram að **82% beinna starfa í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu, eru á landsbyggðinni**. Samkvæmt nýlegum upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsóknnum Hagstofu Íslands, sem Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri Bygðastofnunar kynnti á sjávarútvegsháttum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2. október 2013 hefur störfum í veiðum og vinnslu fækkað um 17% á árabílinu 2003 – 2012 á meðan heildarfjöldi starfandi jókst um 8%. **Á landsbyggðinni varð fækkun í sjávarútvegi á þessu tímabili 19%** en heildarfjöldi starfandi á landsbyggðinni jókst á sama tíma um 5%. Fyrir höfuðborgarsvæðið eru þessar tölur þannig að 6% fækkun hefur orðið í störfum í sjávarútvegi en 9% aukning starfandi fólks. **Í stuttu máli þá hefur störfum í sjávarútvegi fækkað um 100 á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 2003 – 2010, en starfandi fjölgað um 10 þúsund, á meðan störfum í sjávarútvegi úti á landi hefur á sama tíma fækkað um 1.800 og starfandi fjölgað um 2.200.** Íslenskur sjávarútvegur er mjög hagnaðardrífinn og þar á sér stað látlaus hagræðing, meðal annars með nýtingu nýrrar tækni sem leysir mannshöndina af hólmi. Sú fækkun sem orðið hefur á störfum í sjávarútvegi er mjög alvarleg fyrir íbúaþróun sjávarbyggðanna því fátt hefur komið í staðinn og sveitarfélögin vanbúið að takast á við þessa fækkun.

Í ljósi þessa er mikilvægt að mótvægisáðgerða sé leitað til að minnka áhrif lagabreytinga og hagræðingarkrafna í sjávarútvegi á búsetu í sjávarbyggðum. Það er ljóst að samfélagið allt hagnast á hagkvæmum sjávarútvegi, en það eru sjávarbyggðirnar sem greiða fyrir þá hagræðingu með fækkun starfa og í framhaldi fækkun íbúa, nema gripið sé til sérstakra áðgerða.

Hlutdeild sjávarútvegssveitarfélaganna í veiðigjaldinu væri rökrétt skref í því sambandi. Það gæfi þessum samfélögum möguleika á að byggja sig upp í öðrum greinum s.s. ýmsum stoðgreinum eða úrvinnslugreinum sjávarútvegs og væri í anda sjálfbærrar þróunar.

Samþykki Alþingi framlagða tillögu Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga á fyrirbyggjandi frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjöld munu þau sveitarfélög sem hafa tekist á við mesta hagræðingu vegna breytinga í sjávarútvegi fá í sinn hlut tekjur sem gera þeim kleyft að þróa aðra atvinnumöguleika en við veiðar og vinnslu, auk þess að byggja upp betri innviði til að sinna sjávarútvegi.

Hvar afla er landað og staðsetning aflaheimilda er góð vísbending um hvar veiðar og vinnsla fara fram, og því eðlilegt að líta til þeirra svæða við dreifingu tekna. Í ljósi þess hve mikil fækkun starfa við veiðar og vinnsla hefur verið utan höfuðborgarsvæðisins, á sama tíma og störfum í sjávarútvegi í öðru en veiðum og vinnslu hefur fjölgað mikið á höfuðborgarsvæðinu, leggja samtökin til að horft verði sérstaklega til sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins við dreifingu tekna.

Samtökin krefjast aðkomu að útfærslu slíkrar leiðar og hafa þegar lagt vinnu og hugsun í hvernig slík útfærsla geti litið út.

Virðingarfyllt

Róbert Ragnarsson
stjórnarformaður Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Dags. 29. Apríl 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld (veiðigjald 2015-2018), 692. mál.


Samtök smærri útgerða (SSÚ) mótmælir hækkun veiðigjalda í bolfiski. Meðalhækkun veiðigjalda á útgerðir innan samtakanna eru á bilinu 45 til 50% enda er meirihluti kvóta litla kerfisins í bolfiski. Félagar í SSÚ eiga erfitt með að standa undir hækkun þessari, ástæður þess eru nokkrar. Smærri útgerðir hafa verið að kljást við brælur, ýsuskerðingu, hátt leiguverð á ýsu, lágt verð á steinbít og í farvatninu eru líklegar launahækkanir við beitningu og hækkun annars kostnaðar.

Það er verulega ósanngjarnt að aðilar sem eru bundnir því skilyrði að veiða allan sinn afla á handfæri og króka greiði sama gjald af veiðunum og aflamarkskerfið sem hefur fullt frelsi til athafna og getur því notað þau veiðarfæri sem best henta hverju sinni. Hátt veiðigjald kallar á hagræðingu en ljóst er að möguleikar til hagræðingar eru takmarkaðir í litla kerfinu vegna takmarkana kerfisins. Í stóra kerfinu hafa menn frekar möguleika á að laga sig að aðstæðum t.d. með því að skipta um veiðarfæri.

Samtök smærri útgerða eru ósátt við lækkun vaxtaafsláttar vegna kvótakaupa og krefjast þess að stjórnvöld hrófli ekki við bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 74/2012.

Kv


Virðingarfyllst,
F.h. Samtaka smærri útgerða


Helga Guðjónsdóttir

Ísafjörður 7. maí 2015

Umsögn Sjávarútvegsklasa Vestfjarða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012 (veiðigjald 2015-2018), mál nr. 692 á Alþingi.

Reiknuð álagning út frá þeim grunni sem rætt er um í frumvarpinu tekur mið af landsmeðaltali. Það hefur ítrekað komið fram í greiningum á sjávarútvegi á Vestfjörðum að afkoma og rekstrarhagnaður Vestfirskra sjávarútvegsfyrirtækja er talsvert lakari er landsmeðaltalið segir til um. Greiningar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (sem finna má á greiningar.atvest.is) hafa ítrekað sýnt fram á þennan mun þegar rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir (EBITDA) er skoðuð. Í þessum greiningum er verið að nota sömu skattagögn til grundvallar og rætt er um í frumvarpi um breytingu á lögum um veiðigjöld. Einnig má benda á að talsverð skekkja er í gögnum Hagstofunnar sem finna má í Hag veiða og vinnslu þar sem notuð eru úrtök og sérstaklega greinir Hagstofan frá því að hagnaðurinn gæti verið ofmetinn um marga milljarða króna.



Mynd 1 EBITDA samanburður reiknaður út frá Hagur veiða og vinnslu frá Hagstofu Íslands og svo fyrir vestfirsk sjávarútvegsfyrirtæki (útgerð og fiskvinnsla) út frá skattframtölum þeirra (talgögn fyrir 222 útgerðarfyrirtæki og 26 vinnslufyrirtæki ekki úrtak heldur allt þýðið).

Það verður að teljast óásættanlegt að fyrirtæki séu skattlögð með þessum hætti og ljóst er að allar ákvarðanir og aðgerðir sem snúa að veiðigjöldum sem byggja á landsmeðaltali munu leggjast mun þyngra á sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum. Þó að frumvarpið taki þeim breytingum að notast við hreinan hagnað (EBT) til að reikna veiðigjaldagrunninn, þá er ljóst að grunnrekstrarhæfni atvinnugreinarinnar sem birtist í EBITDA hlutföllum hjá vestfirskum fyrirtækjum er ekki sú sama og hjá öðrum sem búa við talsvert betri samkeppnisskilyrði og því ekki hægt að sjá sanngirni í þessari leið af skattlagningu.

Áætlað er að breytingarnar muni leiða til hækkunar veiðigjalda um 50-70% sem fer eftir stærð og umfangi útgerða, þar sem hækkunin er meiri á smærri útgerðarfyrirtæki. Fyrir svæði eins og Vestfirði

Þá væri það hækkun sem ekki er séð að útgerðarfyrirtækin séu aflögufær um. Sett í samhengi við afkomu útgerðarfyrirtækjanna á Vestfjörðum árið 2012 þá var heildartap fyrirtækjanna meira en heildarhagnaður. Það er augljóst að þessi skattlagning og hækkun gjalda mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir mörg útgerðarfélög á Vestfjörðum. Hafa ber í huga að sumar smærri útgerðanna standa höllum fæti en eru jafnframt burðarásar í atvinnulífi viðkomandi byggðalags.

Staða útgerðarfyrirtækja á Vestfjörðum hefur í töluverðan tíma verið erfið og staðfesta rannsóknir Atvinnupróunarfélags Vestfjarða þá niðurstöðu. Fyrirtæki hafa verið að endurfjármagna sig og bæta við aflaheimildum til þess að ná stærðarhagkvæmni. Sá afsláttur sem hefur verið veittur vegna skulda vegna kaupa á aflaheimildum er mikilvægur fyrir fyrirtækin og nauðsynlegt að sá afsláttur verði áfram veittur til lengri tíma.

Réttara væri að taka upp varfærnari skattlagningu sem er miðuð út frá afkomu hvers fyrirtækis fyrir sig og má notast við tekjuskatt fyrirtækja til þess að gera það. Sjávarútvegsklasi Vestfjarða telur nauðsyn á að endurvinnna frumvarpið með samráði við fyrirtæki í greininni ásamt landssvæðum sem hvað háðust eru botnfiskveiðum og vinnslu. Í því samhengi verður að taka tillit til þess að staðan getur verið talsvert mismunandi milli landssvæða og fyrirtækja og í raun það mikið að ekki er hægt að ákveða álagningu gjalda og skatta út frá landsmeðaltölum. Jafnframt er nauðsynlegt að horft sé til þess að sá aðstöðumunur sem er milli landssvæða og atvinnusvæða gerir það að verkum að fyrirtæki eru ekki að keppa á sama grunni og því fráleitt að skattleggja þau út frá einum grunni.

Því miður hefur staða Vestfjarða einkennst af viðvarandi varnarbaráttu og fólksfækkun til lengri tíma. Sjávarútvegurinn hefur verið og er hornsteinn byggðar á Vestfjörðum og velferð svæðisins byggir að stærstum hluti á velgengni greinarinnar. Rannsóknir hafa sýnt fram á að sjávarútvegurinn býr ekki við sömu samkeppnisaðstæður og er ekki eins samkeppnishæfur og sjávarútvegur er almennt talinn á Íslandi. Sú verðmætasköpun sem hefur átt sér stað í sjávarútvegi á Vestfjörðum og víðar hefur skapað talsverð uppsöfnuð verðmæti fyrir þjóðarbúið og enn frekari skattlagning því erfitt að skilja miðað við aðstæður. Skilningur stjórnvalda á stöðu greinarinnar og stöðu Vestfjarða er greinilega enginn og frumvarpið er eingöngu til þess fallið að veikja svæðið enn frekar.

Fyrir hönd Sjávarútvegsklása Vestfjarða,



Guðni Einarsson, formaður Sjávarútvegsklása Vestfjarða

Leiðandi fyrirtæki í Sjávarútvegsklása Vestfjarða eru:

Íslandssaga á Suðureyri
Hraðfrystihúsið Gunnvör á Ísafirði
Klofningur á Suðureyri
Þórsberg á Tálknafirði
Oddi á Patreksfirði



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar

Reykjavík 29. apríl 2015.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld nr. 74/2012, 692. mál.

Í gildandi lögum um veiðigjöld var á síðasta fiskveiðiári horfið frá því að styðjast við þorskígildisstuðla eða sérstaka þorskígildisstuðla við álagningu veiðigjalda. Í stað þess var reiknuð framlegð eða afkoma hverrar fisktegundar og út frá því síðan reiknaðir afkomustuðlar fyrir hverja fisktegund. Álögðu veiðigjaldi, sem pólitísk ákvörðuð hefur verið tekin um hvert skuli vera, er síðan skipt á einstakar fisktegundir í samræmi við afkomustuðla hverrar fisktegundar. Í ákvæði til bráðabirgða III í gildandi lögum kemur fram hver veiðigjöldin fyrir einstakar fisktegundir skuli vera, skv. framangreindri aðferðafræði, á yfirstandandi fiskveiðiári.

Í fyrirleggjandi frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012 er byggt á sömu aðferðafræði við ákvörðun veiðigjalda næstu þrjú fiskveiðiár og gert var fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Sú breyting er þó gerð að í stað þess að leggja á tvískipt veiðigjald, þ.e. almennt gjald og sérstakt gjald, verður aðeins lagt á eitt gjald, veiðigjald, sem er í raun samtala þeirra tveggja gjalda sem áður voru lögð á. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða enda veiðigjaldið reiknað með sama hætti og gert var fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Auk þess er gerð sú breyting að veiðigjaldið verður lagt á landaðan afla verði frumvarpið að lögum. Sjómannasamband Íslands styður þá breytingu.

Í 5. gr. b. (7.gr.) er fjallað um reiknaða framlegð og afkomustuðla og hvaða kostnaðarliðir eru dregnir frá aflaverðmæti til að finna reiknaða framlegð. Jafnframt kemur fram hvaða gögn skuli liggja til grundvallar útreikningnum, en byggt er á gögnum sem Fiskistofa og fleiri safna skv. lögum. Eins og fram kemur í 5. gr. e (10. gr.) er ráðgert að bæta verulega upplýsingaöflun til að styðja þessa útreikninga og er það til bóta, þó fleira þurfi að koma til. Má þar t.d. nefna að verðmyndun á fiski þarf að vera eðlileg.

Reiknigrunnur veiðigjaldsins er skilgreindur í 5. gr. c. (8. gr.), en þar kemur fram að reiknigrunnurinn sé allur hagnaður veiðanna (EBT) og hluti af hagnaði (EBT) vinnslunnar eins og hann er skilgreindur í nýjustu útgáfu skýrslunnar Hagur veiða og vinnslu sem Hagstofa Íslands gefur út á grundvelli skattframtala rekstraraðila og ársreikninga fyrirtækja í sjávarútvegi. Annars vegar er reiknigrunnurinn ákvarðaður fyrir botnfisk og hins vegar fyrir uppsjávarfisk. Ástæða þess að stuðst er við hagnað bæði veiða og vinnslu við ákvörðun á reiknigrunni vegna veiðigjalda á útgerðina er gallað verðmyndunarkerfi á afla upp úr skipi. Í þeim tilvikum sem útgerð og vinnsla er á sömu hendi er hagnaður útgerðar fluttur yfir á vinnsluna. Er það gert með því að greiða lágt fiskverð til eigin skipa. Á þetta hefur Sjómannasamband Íslands ítrekað bent og óskað eftir því að Alþingi taki á verðmyndunarkerfinu þannig að eðlileg verðmyndun verði á afla upp úr skipi óháð því hvort

kaupandi aflans er vinnsla í eigu útgerðarinnar eða óskyldur aðili. Nánar verður komið inn á verðmyndunarkerfið síðar í umsögninni.

Í 5. gr. d. (9. gr.) er heildar upphæð veiðigjaldsins sjálfs ákvörðuð en þar kemur fram að veiðigjaldið sé fundið með því að taka 35% af reiknigrunni veiðanna og 20% af reiknigrunni fiskvinnslunnar sbr. c lið 5. gr. Í greininni er jafnframt mælt fyrir um lágmarks veiðigjald, en einnig er sett sérstakt álag á veiðigjald makrils er nemur 10 kr/kg. Gagnrýnt hefur verið að upphæð veiðigjaldanna er ákvörðuð út frá tveggja ára gömlum upplýsingum og getur Sjómannasamband Íslands tekið undir þá gagnrýni. Afkoma veiða og vinnslu getur breyst verulega á tveimur árum og því afar brýnt að byggja ákvarðanir um „hófleg“ veiðigjöld á upplýsingum sem eru eins nálægt í tíma og unnt er. Að öðru leyti tekur Sjómannasamband Íslands ekki afstöðu til þess hversu hátt veiðigjaldið skuli vera enda er þar um pólitíska ákvörðun að ræða. Undarlegt er þó hve hátt álag eða viðbótar veiðigjald er lagt á makríl skv. frumvarpinu. Hlýtur þetta háa álag að endurspegla vitneskju stjórnvala um að verðmæti þessarar fisktegundar sé mun meira en verðlagning kaupenda sem kaupa fiskinn af eigin skipum gefur til kynna.

Til að bæta útreikninga varðandi reiknaða framlegð er í 5. gr. e. (10. gr.) í frumvarpinu sett inn ákvæði um frekari upplýsingaöflun frá eigendum, útgerðaraðilum og rekstraraðilum íslenskra fiskiskipa. Er þetta til verulegra bóta að mati SSÍ til að útreikningur á reiknaðri framlegð sé sem réttastur. Eins og bent var á hér að framan þarf þó fleira að koma til ef reiknuð framlegð á að gefa rétta mynd af afkomu hvernar fisktegundar. Byrja þarf á því að laga verðmyndunarkerfið þannig að verð hvernar fisktegundar upp úr skipi sé eðlilegt og í samræmi við markaðsforsendur og eðlilega viðskiptahætti áður en framlegðarútreikningum er beitt á einstakar fisktegundir. Ef verðmyndunarkerfið er ekki lagfært þannig að verð einstakra fisktegunda sé eðlilegt markaðsverð verður þessi útreikningur markleysa.

Sjómannasamband Íslands er þeirrar skoðunar að það sé til verulegra bóta, óháð afstöðu til upphæðar veiðigjaldsins, að styðjast við afkomustuðla fyrir hverja fisktegund við mat á veiðigjöldum fyrir einstakar fisktegundir. Sjómannasamband Íslands styður því þessa aðferðarfræði eða hugsunina að baki henni eins og áður hefur komið fram. Hins vegar er nauðsynlegt að verð hvernar fisktegundar upp úr skipi sé „rétt“ ef eitthvað á að vera að marka reiknaða framlegð fyrir viðkomandi fisktegund. Eins og Sjómannasamband Íslands hefur ítrekað bent á er verðmyndunarkerfið á fiski upp úr skipi verulega gallað svo ekki sé fastar að orði kveðið og er nauðsynlegt að á því verði tekið samhliða því að stuðst er við afkomustuðla fyrir hverja fisktegund. Eins og fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi ætti að vera vel kunnugt um er stór hluti útgerðarinnar í eigu fiskvinnslunnar og er því stærstur hluti aflans seldur milli skyldra aðila. Fiskur sem seldur er til vinnslu í eigu útgerðar skipsins er á mun lægra verði en gengur og gerist í frjálsum viðskiptum með fisk milli óskyldra aðila. Sjómannasamband Íslands tók lauslega saman hver þessi verðmunur var fyrir slægðan þorsk árið 2012. Meðalverð á slægðum þorski í viðskiptum milli skyldra aðila var þá 231,79 kr/kg. Meðalverð á slægðum þorski í viðskiptum milli óskyldra aðila var hins vegar 319,49 kr/kg á sama tímabili og meðalverð á slægðum þorski sem seldur var á uppboði á fiskmörkuðunum var 323,24 kr/kg á árinu 2012. Þarna munar verulega á verði, þ.e. verðið er tæplega 40% hærra þegar selt er til óskyldra aðila eða á uppboðsmarkaði. Með lágu fiskverði eru ekki aðeins sjómenn hlunnfarnir í launum heldur einnig hafnir landsins vegna aflagjalda og ekki síður ríkissjóður ef styðjast á við þessa aðferðarfræði og afkomu útgerðarinnar við ákvörðun veiðigjalda. Eins og staðan er í dag er hagnaður fluttur frá útgerð til vinnslunnar vegna gallaðs verðmyndunarkerfis. Við álagningu veiðigjaldanna eru stjórnvöld að reyna að taka tillit til


Þessa, sbr. þá aðferð að taka 20% af hagnaði fiskvinnslunnar inn í veiðigjöldin sem lögð eru á útgerðina. Ef verð einstakra fisktegunda er ekki eðlilegt eins og viðgengst hér á landi verða framlegðarútreikningar fyrir einstaka fisktegundir markleysa. Eins getur það valdið skekkju gagnvart þeim sem selja aflann á eðlilegu verði ef verið er að reikna hagnað frá vinnslunni inn í afkomutölur útgerðarinnar til að geta lagt „eðlileg“ veiðigjöld á útgerðina. Því er mikilvægt að afkomutölur útgerðarinnar sýni í reynd afkoma útgerðarinnar og því verður Alþingi að taka á verðmyndunarkerfinu í heild þannig að aðilar geti ekki í krafti eignarhalds ákveðið einhliða hvað greitt er fyrir fiskinn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að veiðigjaldið verði næstu þrjú árin lagt á landaðan afla en ekki úthlutaðar veiðiheimildir eins og verið hefur. Sjómannasamband Íslands styður þessa breytingu og telur hana til bóta.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið, verði það að lögum, gildi aðeins til þriggja ára. Sjómannasamband Íslands styður þá meðferð málsins, enda ætti þá að gefast tækifæri til að endurskoða lagarammann með það að markmiði að leggja veiðigjöld aðeins á útgerðina í stað þess sem nú er gert að taka jafnframt hagnað úr vinnslunni til að ákvarða upphæð veiðigjaldanna. Til að hægt sé að leggja gjöldin á útgerðina eingöngu eins og markmiðið hlýtur að vera í framtíðinni verður að koma böndum á verðmyndunarmálin eins og Sjómannasamband Íslands hefur ítrekað bent á.

Sjómannasamband Íslands styður í meginatriðum fyrirleggjandi frumvarp um veiðigjöld á útgerðina. Sá stuðningur er þó háður því að fyrir en síðar verði settar reglur um fiskviðskipti milli skyldra aðila, þannig að verð á fiski upp úr skipi verði eðlilegt og í samræmi við markaðsforsendur og eðlilega viðskiptahætti óháð því hvort kaupandi aflans er vinnsla í eigu útgerðarinnar eða óskyldur aðili. Sjómannasamband Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvort upphæð veiðigjaldanna getur flokkast undir „hóflegt veiðigjald“, en lítur svo á að álagt veiðigjald sé pólitísk ákvörðun.

f.h. Sjómannasambands Íslands,



Nefndasvið skrifstofu Alþingis
b/t atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum 3.mai. 2015

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um veiðigjöld nr. 74/2012 (veiðigjald 2015-2018).

Umsögn þessi varðar frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, *þingskjal 1166 - 692. mál.*

Útvegsbændur í Vestmannaeyjum (ÚV) vilja koma á framfæri þungum áhyggjum af frumvarpi til breytingu á lögum um veiðigjöld sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi.

Ljóst er að miðað við frumvarpið þá munu veiðigjöld næsta fiskveiðiárs hækka verulega á fyrirtæki í Vestmannaeyjum og mun sú hækkun nema um 45% (miðað við úthlutun 2014/2015).

Ljóst er að slík gjaldtaka getur ekki gengið og er hún langt umfram það sem greinin þolir. Sést það best á því hversu mikil samþjöppun hefur orðið á síðustu árum í greininni en fjöldi félagsmanna í ÚV var 12 árið 2011 (fyrir setningu laga um veiðigjöld) en eru þau 8 í dag árið 2015. Það hlýtur að vera markmið stjórnvalda á hverjum tíma að viðhalda fjölbreyttu atvinnulífi. Þetta frumvarp mun leiða til meiri samþjöppunar en orðið er og útgerðarformum mun fækka, enda hefur gjaldtaka eins og þessi meiri áhrif á smærri og millistórar útgerðir, til að byrja með.

ÚV bendir líka á að það geti ekki talist eðlilegt í umræðunni um veiðigjöld að hreinn hagnaður landvinnslu sé dreginn inn í þá útreikninga. Hagnaður í landi er búinn til með fjárfestingum í húsnæði, búnaði, markaðssetningu og starfsfólki. Að innheimta veiðigjöld af þeim ávinningi sem verður tilþegar einhver fjárfestir í nýrri tækni eða finnur betur borgandi markaði, er aðferð sem getur ekki gengið upp og ljóst er að íslenska ríkið er farið að setja mjögíþyngjandi hömlur á atvinnugreinina. Það leiðir ekki til neins annars en þess að veiðar og vinnsla verða á eftir í alþjóðlegri samkeppni og allir tapa á endanum. Enginn framþróun verður í greininni ef fyrirhugaðar breytingar á lögnum taka gildi.

Að byggja á þeirri aðferðafræði að reikna út framlegð fyrir hverja fisktegund fyrir sig og útfrá því að ákvarða afkomaúgildi hvernar fisktegundar getur ekki talist nákvæm aðferð. Útgerð á Íslandi er mjög fjölbreytt og einstakartegundir eru veiddar á margvíslegan máta. Að skipta útgerðarkostnaði í hlutfalli við aflaverðmæti er ekki rétt. Í veiðiferð getur skip t.d. byrjað á því

að veiða karfa. Við karfaveiðar þarf að fiska á meira dýpi og afli á sóknareiningu er minni. Í lok veiðiferðarar síðan veiddur þorskur þar sem sóknarkostnaður er minni. Samkvæmt þessari aðferðafræði þá ber þorskurinn hlutfallslega hærri sóknarkostnað en karfi því verð á landað kg. er hærra.

ÚV telur að frumvarpið sem nú er til umfjöllunar sé afskaplega illa ígrundað og félagið lýsir yfir vonbrigðum með að ennþá séu viðhöfð þau vinnubrögð að hafa ekkert samráð við greinina og aðra hagsmunaaðila eins og sjávarbyggðirnar.

ÚV vekur athygli á að svo virðist sem veiðigjöldin samkvæmt frumvarpinu muni leggjast afar þungt á örfáar sjávarbyggðir. ÚV áætlar að sjávarútvegsfyrirtæki í Vestmannaeyjum greiði 2,2-2,3 milljarða kr. í veiðigjald á næsta fiskveiðiári nái breytingartillögur þessar fram að ganga. Það er um rúm hálf milljón kr. á hvern íbúa og samkvæmt áætlun um heildarveiðigjöld sem fram koma í frumvarpinu, um 20% af álögðum veiðigjöldum. Hér er ágætt fyrir stjórnvöld að hafa í huga að um 1,4% íbúa landsins býr í Vestmannaeyjum. Þó svo að gjaldið sé greitt af fyrirtækjum í Vestmannaeyjum er ljóst að um gríðarlega fjármagnsflutninga er að ræða til höfuðborgarsvæðisins. Þetta mun draga úr nauðsynlegum fjárfestingum, veikja fyrirtækin og stuðla að enn frekari samþjöppun aflahlutdeilda. Að sama skapi veikist samfélagið og lífsgæði Vestmannaeyinga verða lakari.

ÚV hvetur stjórnvöld til að vinna að þessu máli sem og framtíð fiskveiðistjórnunar á Íslandi í samráði við alla hagsmunaaðila þannig að íslenskur sjávarútvegur verði rekinn á eins arðbæran hátt og mögulegt er, landi og þjóð til heilla.

f.h. Útvegsbændafélag Vestmannaeyja

Hafdís Snorradóttir
Hafdís Snorradóttir
framkvæmdastjóri

Minnisblað

Til: Atvinnuveganefndar Alþingis

Frá: Veiðigjaldsnefnd, Arndísi Á Steinþórsdóttur, Daða Má Kristóferssyni og Jóhanni Sigurjónssyni

Dags.: 6. maí 2015

Efni: Svar við fyrirspurn Atvinnuveganefndar frá 24. apríl 2015

Veiðigjaldsnefnd var boðuð á fund Atvinnuveganefndar 24. apríl s.l. Fyrir fundinn hafði verið óskað eftir að Veiðigjaldsnefnd útskýrði hvernig háttað væri útreikningi á svokölluðum afkomustuðlum (afkomuígildi) sem og útreikningi á veiðigjaldi sem um er fjallað í frumvarpi að lögum um veiðigjald, þingskjal 1166 – 692 mál, sem nú er til umfjöllunar hjá Atvinnuveganefnd Alþingis.

Á fundinum var farið yfir aðferðafræði við útreikning á:

1. Afkomuígildum mismunandi fiskistofna (byggjast á gögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Hagstofu Íslands og keyrð samkvæmt líkani af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands). Afkomuígildi miðast við óslægðan þorsk.
2. Fjárhæð Veiðigjalds byggir á upplýsingum úr riti Hagstofu Íslands, Hagur veiða og vinnslu og reiknast þannig: $(0,35(\text{EBT veiða} + 0,2(\text{EBT vinnsla}))$. Í þannig reiknaðan stofn er deilt með afla á sama tímabili og tekjur urðu til. Aflinn er reiknaður til afkomuígilda. Þar með fæst veiðigjald á afkomuígildi óslægðs þorsks.
3. Gjaldi skv. 2. lið er dreift á mismunandi fiskistofna miðað við reiknuð afkomuígildi þeirra skv. 1. lið.

Niðurstöður útreikninga sem Veiðigjaldsnefnd hefur reiknað samkvæmt framangreindum aðferðum má sjá í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar.

Í lok fundar kom fram sú spurning frá þingmönnum hvernig það mætti vera að svo mikil hækkun verði á veiðigjaldi frá yfirstandandi fiskveiðiári 2014/2015 (l. 47/2014 um breytingu á l. 74/2012) og frumvarpið vegna 2015/2016 virðist boða.

Til svars þeirri spurningu vill Veiðigjaldsnefnd taka fram að á hennar vegum voru afkomustuðlar sem gilda á fiskveiðiárinu 2014/2015 reiknaðir út (sbr. 1. lið hér að ofan). Nefndin kom að öðru leyti ekki að útreikningi á gjaldinu fyrir yfirstandandi fiskiveiðiár (sbr. 2. lið) og getur því ekki tjáð sig um þær niðurstöður.

Hins vegar er rétt að benda á að samkvæmt riti Hagstofu Íslands, Hagur veiða og vinnslu fyrir árin 2012 og 2013 var EBT í veiðum að viðbættum 20% af EBT í vinnslu á árinu 2012 um 27 milljarðar kr. en 34,5 milljarðar á árinu 2013. Hækkunin á gjaldstofni á milli ára er því tæp 28%.



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 30. apríl 2015
erindi nr. 201504063 FMR

Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Til umsagnar frumvarp til laga um veiðigjöld (veiðigjald 2015-2018)

Á 3002. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 28.4.2015, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

Fyrir bæjarráði lágu drög að umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlandshafsmakríl, þingmál nr. 691. Bæjarráð veur athygli nefndarinnar á álitum umboðsmanns Alþingis frá því í júní 2014 (mál nr. 7021/2012 og 7400/2013). Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er Alþingi ekki að fara eftir skýrri niðurstöðu sem fram kemur í álitum umboðsmanns Alþingis um stjórn veiða á makríl. Í umfjöllun um málið í nefndinni og við nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á frumvarpinu væri hollt fyrir nefndarmenn að kynna sér álitid á meðfylgjandi vefslóð:
<http://www.umbodsmaduralthingis.is/ViewCase.aspx.Key=3329skoda=mal> Að öðru leiti vísar ráðið til fyrri ályktana um sambærileg frumvörp.

Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður yður tilkynnt tafarlaust ef hún breytist.

Virðingarfyllt,


Fjöla Margrét Robertsdóttir
Þjónustufulltrúi



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2015

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012 (692. mál)

Viðskiptaráð þakkar atvinnuveganefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með því eru lagðar til ýmsar breytingar á innheimtu veiðigjalds og lagt til að það verði ákveðið til þriggja ára í senn.

Ljóst er að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi hefur skipað íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð og er meðal grunnstoða lífskjara Íslendinga. Þetta er staðfest í opinberum hagtölum, í samanburði við önnur sambærileg kerfi og af mati innlendra sérfræðinga og erlendra álitsgjafa. Að því sögðu er rétt að leggja áherslu á mikilvægi þess að þjóðin njóti arðs af auðlindum landsins. Um þetta sjónarmið ríkir almenn sátt, þó deilt sé um fyrirkomulag slíks arðs. Arður af auðlindum verður hins vegar aðeins hámarkaður með því að búa viðkomandi atvinnugreinum hagfelld rekstrarskilyrði til lengri tíma.

Viðskiptaráð tekur í meginatriðum undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtaka atvinnulífsins (SFS og SA) um frumvarp þetta en vill þó koma nokkrum atriðum á framfæri.

Með frumvarpinu eru veiðigjöld hækkuð verulega án þess að bati í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja réttlæti slíkt. Með veiðigjaldinu mun íslenska ríkið þannig taka til sín stóran hluta þess virðisauka sem meðal annars hefur orðið til vegna uppbyggingar vörumerkja og gæðastaðla, sérhæfingar og hagkvæmni í nýtingu fiskaflla. Slíkar kringumstæður geta staðið frekari uppbyggingu og fjárfestingu sjávarútvegsfyrirtækja fyrir þrífum enda sveiflast kostnaðarliðir þeirra töluvert á milli ára.

Að mati Viðskiptaráðs ætti við skattlagningu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja að líta til þess hvernig samskonar skattlagningu er hagað í öðrum ríkjum. Skattlagning umfram það sem gengur og gerist annars staðar skerðir óhjákvæmilega samkeppnishæfni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem eru í alþjóðlegri samkeppni. Líkt og bent er á í umsögn SFS og SA um frumvarpið er í þessu samhengi nærtækt að líta til Noregs, en norsk sjávarútvegsfyrirtæki eru í harðri samkeppni við íslensk fyrirtæki um sölu þorsks í Bretlandi.

Þá tekur Viðskiptaráð undir gagnrýni sem fram kemur í umsögn SFS og SA á reiknigrunn veiðigjalds. Samkvæmt frumvarpinu skal reiknigrunnur veiðigjalds ár hvert að byggja á tölfræðilegu úrtaki Hagstofu Íslands sem birt er í ritinu *Hagur veiða og vinnslu*. Líkt og kemur fram í umsögn SFS og SA eru upplýsingar þessar að jafnaði ekki yngri en tveggja ára og ná því

ekki að endurspegla breytingar í sjávarútvegi sem geta bæði verið miklar og átt sér stað á skömmum tíma. Þannig munu eigendur fiskiskipa greiða veiðigjald á grundvelli hagnaðar sem varð til í það minnsta tveimur árum áður. Að mati Viðskiptaráðs er þetta mjög óheppilegt fyrirkomulag. Jafnframt eru upplýsingarnar sem koma fram í ritinu byggðar á úrtaki en ekki heild sem getur orðið til þess að hagnaður í krónum talið getur reiknast of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu og er í heildarniðurstöðum.¹

Það er, eins og áður segir, mat Viðskiptaráðs að þjóðin eigi að njóta arðs af auðlindum landsins. Skattlagning á útgerðarfyrirtæki má þó ekki valda fyrirtækjunum fjárhagsvandræðum eða rýra heildarverðmætasköpun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Telur Viðskiptaráð að heillavænlegra hefði verið að fá hagsmunaaðila að borðinu við gerð þessa frumvarps. Leggur ráðið sérstaka áherslu á mikilvægi þess að unnið verði að framtíðarlausn á þessu máli í samráði við helstu hagsmunaaðila. Þó fyrirsjáanleiki hafi verið aukinn með því að veiðigjöld séu ákvörðuð fyrir þriggja ára tímabil er enn óvissa um framtíð greinarinnar. Slík óvissa er til þess fallin að draga úr verðmætasköpun greinarinnar og alþjóðlegri samkeppnishæfni.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

¹ Sjá í skýrslu Hagstofunnar um *Hag veiða og vinnslu* frá 17. mars 2015, bls. 1.